

Ungmennasamband Borgarfjarðar



Ársskýrsla
2013



Ritstjórn og uppsetning: Pálmi Blængsson

Prófarkalestur: Sigurður Guðmundsson

Prentun: Fjölritunar og útgáfupjónustan

Ungmennasamband Borgarfjarðar – Ársskýrsla 2013

Efnisyfirlit

Formáli sambandsstjóra	4
Upplýsingar um stjórn UMSB og aðildarfélögin	5
Starf UMSB – Frá framkvæmdastjóra.....	6
Afreksmannasjóður UMSB	8
Göngunefnd.....	9
Skáknefnd	9
Ársskýrslur aðildarfélaga	10
Dansíþróttafélag Borgarfjarðar	10
Frjálsíþróttafélag Borgarfjarðar.....	12
Golfklúbbur Borgarness.....	12
Golfklúbburinn Glanni	17
Golfklúbburinn Skrifla.....	18
Hestamannafélagið Faxi	18
Hestamannafélagið Skuggi	19
Skotfélag Vesturlands.....	25
Ungmennafélagið Björn Hítðælakappi	26
Ungmennafélagið Dagrenning.....	26
Ungmennafélagið Egill Skallagrímsson.....	28
Ungmennafélagið Íslendingur	28
Ungmennafélag Reykdæla	30
Ungmennafélagið Skallagrímur	32
Badmintondeild Skallagríms.....	32
Knattspyrnudeild Skallagríms.....	33
Körfuknattleiksdeild Skallagríms	37
Leikdeild Skallagríms	41
Sunddeild Skallagríms.....	41
Ungmennafélag Stafholtstungna.....	43
Ungmenna- og íþróttafélag Hvalfjarðarsveitar	45
Íþróttamaður Borgarfjarðar 2013	47
Önnur verðlaun og viðurkenningar	48
Ársreikningur UMSB 2013	49

Formáli sambandsstjóra

Við lok árs þá lítum við í ungmennahreyfingunni um öxl, metum hvernig okkur hefur gengið á liðnu ári og skilum af okkur starfsskýrslum. Afrakstur þessarar vinnu okkar, sem veljumst í stjórnir félaga, leggjum við fyrir félagsmenn okkar á aðalfundum þar sem almennir félagsmenn fá tækifæri til að segja sína skoðun á því hvernig til hefur tekist og velja sér síðan forystufólk til að vera í forsvari fyrir félögin. Þetta er mikilvægt ferli til að viðhalda öflugu starfi í félögunum þar sem unnið er markvisst í þá átt að bæta starfið ár frá ári með gagnrýnni hugsun að leiðarljósi.

Þegar ég fer yfir starfið á seinasta ári hjá UMSB þá hefur það verið viðburðaríkt. Lokið var við stefnumótun fyrir sambandið og samstarfssamning við Borgarbyggð um skipan íþróttamála í sveitarfélaginu. Stefnumótunin og samningurinn var lagður fyrir seinasta sambandsþing þar sem gagnrýnin og málefnaleg umræða fór fram um þessi stóru mál enda var verið að breyta starfi UMSB talsvert mikið. Þessar umræður enduðu með því að stefnumótunin og samstarfssamningurinn voru samþykkt samhljóða. Samningurinn við Borgarbyggð var síðan undirritaður í aprílmánuði.

Ég tel að þessi skref sem stigin voru á seinasta ári hafi verið heillaskref fyrir ungmennafélögin og eigi eftir að styrkja þau í sínu starfi og auka til muna samskipti ungmennahreyfingarinnar á okkar starfsvæði bæði sín á milli og við sveitarfélögin öllum til hagsbóta og ánægju.

Framkvæmdastjóranskipti urðu á árinu hjá UMSB, en Hrönn Jónsdóttir lét af störfum í lok ágúst og eru henni þökkúð kærlega mjög góð og ósérhlífin störf í stóli framkvæmdastjóra UMSB undanfarin ár. Við keflinu tók Pálmi Blængsson og bíður hans mikið verkefni við að framfylgja stefnu sambandsins og uppfylla þær skyldur sem lagðar eru á UMSB í samstarfssamningnum.

Fulltrúar UMSB mættu með fullskipað lið á sambandsþing UMFÍ þar sem unnið var gott starf. Einn frambjóðandi til stjórnar UMFÍ kom úr okkar röðum, þar sem Hrönn Jónsdóttir fyrrverandi framkvæmdarstjóri UMSB, bauð fram sína krafta. Hún fékk afgerandi kosningu í stjórn með langflest atkvæði núverandi stjórnarmanna UMFÍ. Það eru því spennandi tímar framundan hjá henni og ánægjulegt að UMSB hafi fulltrúa í stjórn UMFÍ.

Starf aðildarfélaganna hefur verið öflugt og fjölbreytt á seinasta ári eins og sést í starfsskýrslum þeirra. Íþróttamenn úr okkar röðum náðu góðum árangri á árinu, sem kemur berlega í ljós þegar tilnefningar til íþróttamanns Borgarfjarða berast í hús. Öflugt starf aðildarféлага og kraftmikið og áhugasamt íþróttafólk fyllir mann bjartsýni á framtíðina hjá UMSB.

Íslandi allt!

Sigurður Guðmundsson

Upplýsingar um stjórn UMSB og aðildarfélögin

Stjórn UMSB 2013

Sambandsstjóri:	Sigurður Guðmundsson
Varasambandsstjóri:	Ásgeir Ásgeirsson
Vara varasambandsstjóri:	Jón Eiríkur Einarsson
Gjaldkeri:	Kristín Gunnarsdóttir
Ritari:	Þórhildur María Kristinsdóttir
Meðstjórnandi:	Aðalsteinn Símonarson
Varamedstjórnandi:	Sólrún Halla Bjarnadóttir
Varagjaldkeri:	Helgi Eyleifur Þorvaldsson
Vararitari:	Bjarni Johansen
Framkvæmdastjóri:	Pálmi Blængsson

Aðildarfélög UMSB og deildir

Félag	Fjöldi félagsmanna	Formaður
UMF.Íslendingur	219	Ulla R. Pedersen
UMF.Dagrenning	70	Þorvaldur Ingi Árnason
UMF.Reykdaleir	206	Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir
UMF.Stafholtstungna	187	Agnes Guðmundsdóttir
UMF.Egill Skallagr.	48	Jóhann Pálsson
UMF.Skallagrímur	1513	Sigríður Guðbjörg Bjarnadóttir
•Badmintondeild	–	Sigríður Guðbjörg Bjarnadóttir
•Knattspyrnudeild	–	Ívar Örn Reynisson
•Körfuknattleiksdeild	–	Kristinn Óskar Sigmundsson
•Leikdeild	–	Olgeir Helgi Ragnarsson
•Lyftingadeild	–	Þorvaldur Kristbergsson
•Sunddeild	–	Helga J. Svavarsdóttir
Umf. Björn Hítid.	59	Sigurjón Helgason
HMF. Skuggi	275	Stefán Logi Haraldsson
HMF. Faxi	252	Kolbeinn Magnússon
GK Borgarness	170	Ingvi Árnason
GK Glanni	66	Snorri Þórðarson
GK Húsafells	21	Unnar Bergþórsson
GK. Skrifla	15	Magnús Sigurðsson
DÍB	49	Guðrún Þórðardóttir
Umf. og íþr. Hvalfj.	64	Þórdís Þórisdóttir
Frjálsíþróttaf. Bgf.	4	Einar Guðmann
Skotf.Vest	81	Þórður Sigurðsson
Samtals	3299	

Starf UMSB – Frá framkvæmdastjóra

Starfsár Ungmennasambandsins hófst eins og svo oft áður á afhendingu verðlauna og var Íþróttamaður Borgarfjarðar verðlaunaður á Íþróttahátíð UMSB í Borgarnesi þann 28. janúar. Íþróttamaðurinn var Bjarki Pétursson sem þá hlaut titilinn í þriðja sinn fyrir frammúrskarandi árangur í Golfi. Góð þátttaka var á Íþróttahátíð sem hófst á sundkeppni en lauk á frjálsíþróttamóti um miðjan dag. Þegar líða fór að þingi sambandsins fór aukinn kraftur í samningagerð og kynningu á samningum við Borgarbyggð sem höfðu þá verið í undirbúningi í um ár. Samningar þessir voru svo samþykktir á 91. sambandsþingi UMSB sem haldið var í Þinghamri í byrjun mars. Þingið fór vel og sátu það 33 fulltrúar aðildarfélaganna UMSB, auk stjórnar og gesta frá Ungmennafélagi Íslands og Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands. Stjórnarmenn ÍSÍ notuðu tækifærið og heiðruðu Ingimund Ingimundarson fyrir óeigingjarnt starf í þágu íþróttanna í gegnum tíðina og er hann vel að þeirri viðurkenningu kominn.

Skáknefnd UMSB stóð fyrir héraðsmóti í hraðskák í fyrsta sinn í nokkurn tíma eftir hvatningu sem félagið fékk frá Ófeigi Gestssyni, fyrrum sambandsstjóra UMSB en hann gaf sambandinu farandbikar fyrir héraðsmótsmeistara í hraðskák á afmælishátíð sambandsins vorið 2012.

Formenn leikdeilda innan UMSB hittust á vordögum og fóru yfir sitt starf hingað til og það sem framundan væri. Ljóst er að öflugar leikdeildir eru á sambandssvæðinu og mikill áhugi fyrir samstarfi á komandi árum.

Sumarstarf Ungmennasambands Borgarfjarðar fólst aðallega í mótahaldi, sambandið kom að Íslandsmóti í hestaíþróttum með hestamannafélögunum Faxe og Skugga í Vindási helgina 11. -14. júlí. SamVest hópurinn, samstarfshópur héraðssambandanna á Vesturlandi um frjálsíþróttir, stóð fyrir sameiginlegu héraðsmóti í Borgarnesi og tókst það með ágætum.

Hin öfluga göngunefnd UMSB stóð fyrir fjölmörgum göngum vítt og breitt um Borgarfjörð, en fjall ársins var að þessu sinni Snókur.

Eitt af síðustu verkefnum undirritaðrar var fararstjórn á Unglingalandsmót UMFÍ á Höfn í Hornafirði. Á milli 30 og 40 þátttakendur kepptu fyrir hönd UMSB á mótinu og má með sanni segja að allir þátttakendur hafi staðið sig með þryði. Skemmtileg stemning var í sameiginlegum tjaldbúðum UMSB, HSH, UDN og USK þar sem var haldin grillveisla og fleira skemmtilegt. Mótið fór vel fram og toppaði það gleðina þegar Helga Guðrún Guðjónsdóttir formaður UMFÍ tilkynnti á mótsslitunum að Ungmennasambandi Borgarfjarðar væri falið að halda Unglingalandsmót UMFÍ 2016.

Eftir þrjú afar lærdómsrík og ánægjuleg ár í starfi hjá Ungmennasambandi Borgarfjarðar þakka ég samstarfið þeim fjölmörgu sem sinna starfi sinna ungmenntafélaga af krafti og óska sambandinu og félögum þess velgengni í starfi.

Hrönn Jónsdóttir

Fyrrv. Framkvæmdastjóri UMSB

Ungmennasamband Borgarfjarðar – Ársskýrsla 2013

Mánudaginn 19. ágúst 2013 mætti nýr framkvæmdastjóri til vinnu á skrifstofu UMSB í Borgarnesi, spenntur að takast á við ný verkefni og spennandi starf. Óhætt er að segja að síðan þá hafi verið nóg að gera og sér ekki fyrir endann á því. Eitt af mínum fyrstu verkefnum í nýju starfi var að kynna vetrarstarf aðildarféлага UMSB á meðal allra grunnskólabarna í Borgarbyggð með því að fara í heimsókn í grunnskólana og hitta krakkana, sem gekk vel og var gaman að sjá áhuga þeirra á því sem íþrótt- og ungmennafélögin á svæðinu eru að bjóða uppá.

Heilsuvika var í Borgarbyggð dagana 7.-13.október og var það í höndum UMSB að setja saman dagskrá og sjá um skipulagningu viðburða. Í tengslum við þetta átak voru settir upp „Latabæjarleikar“ fyrir öll leikskólabörn í sveitarfélaginu þar sem íþróttálfurinn sjálfur mætti og sprellaði með krökkunum á Skallagrímssvelli. Það var Frjálsíþróttafélag Borgarfjarðar sem hjálpaði okkur með Latabæjarleikana og grænmetisbændur í Borgarfirði gáfu „íþróttanammi“ handa börnunum svo öll hefðu næga orku í átökin.

UMSB aðstoðaði DÍB við að semja um danskennslu fyrir félagsmenn og í framhaldinu fóru hlutirnir þannig að UMSB hefur nú umsjón með tveimur sölum í kjallara Hjálmakletts og sér um að úthluta tímum fyrir hönd sveitarfélagsins til þeirra sem óska, líkt og við gerum í íþróttahúsunum á svæðinu.

Af ýmsum öðrum verkefnum má m.a nefna að; fulltrúar UMSB fóru á UMFÍ þing í Stykkishólmi 12. og 13. október, undirritaður sat í vinnuhóp ÍSÍ sem skoðaði leiðir fyrir íþróttahéruð til að fá viðurkenninguna „fyrirmyndarfélag“, formannafundur UMSB var haldinn í október í Lyngbrekku, Unnið hefur verið að gerð nýrrar heimsíðu fyrir UMSB og aðildarfélögin þar sem öll félög fá sitt svæði og nýir utanyfirbúningar fyrir UMSB voru samþykktir á síðasta formannafundi.

Töluverðar breytingar hafa orðið á hlutverki og starfsemi UMSB á árinu 2013, en með nýrri stefnu og markmiðum UMSB má gera ráð fyrir að það taki einhvern tíma fyrir alla að aðlagast og „læra“ á þetta nýja umhverfi sem við erum að búa til. Það er mín skoðun að það liggja mörg tækifæri í þessu nýja umhverfi og ég er sannfærður um að með samstilltu átaki okkar öflugum ungmennafélaga getum við nýtt þessi tækifæri til þess að eflast, vinna saman og styrkja hvert annað á leið okkar að ná settum markmiðum.

Pálmi Blængsson

Framkvæmdastjóri UMSB

Afreksmannasjóður UMSB

Afreksmannasjóður UMSB var stofnaður á 86. sambandsþingi 13. mars 2008.

Stofnframlag var styrkur frá Orkuveitu Reykjavíkur upp á 500.þús kr.

Tekjur afreksmannasjóðs er hlutfall af Lottó tekjum UMSB samkvæmt reglugerð þar um og síðan frjáls framlög og vaxtatekjur. Ekki má skerða höfuðstól sjóðsins við úthlutun. Nota má 75% af tekjum sjóðsins árlega til styrkveitinga.

Stjórn sjóðsins er kosin á sambandsþingi UMSB til tveggja ára í senn. Í stjórn sitja nú Ingimundur Ingimundarson, Íris Grönfeld og Rósa Marinósdóttir og hafa þau verið í sjóðstjórn frá upphafi

Árið 2009 voru 174.000kr til úthlutunar og fengu fimm einstaklingar styrk úr sjóðnum en 7 umsóknir bárust. Eftirtaldir hlutu styrk: Bjarki Pétursson, Trausti Eiríksson, Sigurður Þórarinnsson, Jón Ingi Sigurðsson og Þórkatla Dagný Þórarinsdóttir

Árið 2010 voru 173.000 kr. til úthlutunar og fengu 3 einstaklingar styrk úr sjóðnum en aðeins 3 umsóknir bárust. Eftirtaldir hlutu styrk: Bjarki Pétursson, Tinna Kristín Finnbogadóttir og Jón Ingi Sigurðsson.

Árið 2011 voru 180. 000 kr til úthlutunar og bárust 2 umsóknir frá einstaklingum og síðan umsóknir frá 2 danspörum. Eftirtaldir hlutu styrk: Bjarki Pétursson, Jón ingi Sigurðsson, Erna Dögg Pálsdóttir og Ármann Hagalín Jónsson, Helga Guðrún Jómundsdóttir og Brynjar Björnsson.

Árið 2012 voru 200.000 kr til úthlutunar og bárust 9 umsóknir. Tveimur umsóknum var hafnað þar sem þeir einstaklingar höfðu ekki stundað sína íþrottagrein allt árið innan vébanda UMSB. Einnig var einni umsókn hafnað þar sem sá einstaklingur var ekki í landsliðshópi og hafði hvorki farið í keppnisferð né æfingaferð til útlanda. Eftirtaldir hlutu styrk: Ármann Haglín Jónsson, Bjarki Pétursson, Brynjar Björnsson, Erna Dögg Pálsdóttir, Helga Guðrún Jómundsdóttir, Tinna Kristín Finnbogadóttir.

Árið 2013 voru 180.000 kr. til úthlutunar. Fimm umsóknir bárust frá 6 einstaklingum. Allir þessir einstaklingar fóru í keppnisferðir til útlanda. Ákveðið var að veita öllum styrk Eftirtaldir hlutu styrk: Ármann Hagalín Jónsson og Erna Dögg Pálsdóttir hlutu styrk sem danspar, Benjamín Karl Styrmisson, Bjarki Pétursson, Birgitta Björnsdóttir, Daði Freyr Guðjónsson. Á sumarmánuðum bárust 3 umsóknir til afreksmannasjóðsins, en stjórn fjallaði um þær og ákvað að hafna þeim á þessu ári þar sem öllu fjármagni sjóðsins var úthlutað í apríl. Jafnframt var viðkomandi bent á að sækja aftur um fyrir 1. mars 2014.

Sjóðurinn er táknræn viðurkenning á dugnaði íþróttafólksins, en sökum smæðar eru upphæðirnar ekki háar sem hver hlýtur.

Fyrir hönd afreksmannasjóðs UMSB

Rósa Marinósdóttir ritari.

Göngunefnd

Á síðasta ársþingi UMSB voru Björg H. Kristófersdóttir, Friðrik Aspelund og Sigríður Júlía Brynleifsdóttir endurskipuð í göngunefnd UMSB.

Ákveðið var að hafa bæði láglandis – og fjallgöngur þetta árið.

Gengið var á miðvikudögum og farið af stað frá upphafsstað göngu kl.18:30.

Göngur sumarsins voru 10 og farnar á eftirtalda staði á ca hálfsmánaðar fresti: Snókur, Hólmavatns – hringur, Hraunsnefsöxl. Skógarganga í Reykholti. Tunga fyrir ofan Kalmannstungu. Grettisbæli. Fossaganga með Grímsá. Skógarganga í Grímsstaðagirðingu og að lokum Akrafjara – Útnes.

Þann 15. maí var farið í fyrstu gönguna á fjall ársins, sem var Snókur (560 m). Gengið var frá Neðra – Skarði með gestabókina og póstkassa og fengum við óstætt veður á toppnum. Þátttaka var nokkuð góð þrátt fyrir rok.

Síðasta kvöldgangan var á Ökrum þann 18. sept. Þetta mátti ekki vera seinna þar sem farið er að skyggja á kvöldin í september.

Laugardaginn 21. sept. átti svo að ná í gestabókina á Snók, en það var engin þátttaka og nefndin upptekin við önnur störf. Bókinni var þó bjargað nokkru síðar af Sigurjóni Einarssyni, sem lét sig ekki muna um að taka á sig smá krók á leið sinni úr Reykjavík og náði í bókina.

Þátttakendur í sumar voru rúmlega hundrað og á öllum aldri, fæddir á árunum 1930 – 2008.

Það er öllum hollt að stunda göngur og það eru allir sem treysta sér velkomnir í gönguferðir með UMSB. Sjáumst á göngu í sumar!

Skáknefnd

Skáknefnd UMSB skipa Finnbogi Leifsson, Finnur Ingólfsson og Bjarni Sæmundsson. Einn formlegur nefndarfundur var haldinn, þar sem farið var yfir nokkur atriði varðandi skákmál á svæðinu, auk þess að lagðar voru línur fyrir fjöltefli á skákdaginn. Þá tefldi Helgi Ólafsson stórmeistari fjöltefli í Hyrnutorgi við 11 skákmenn. Helgi vann tíu skákir, en skák hans við Bjarna Sæmundsson lauk með jafntefli. Skáksveit UMSB teflir í deildakeppni Skáksambands Íslands og fór s.l. ár upp í þriðju deild og hefur staðið sig þar með ágætum, enda sterkt skákfólk sem skipar sveitina. Rætt hefur verið um hvort mögulegt sé að senda einnig b-sveit í deildakeppnina að ári. Þá tefldi Tinna Kristín Finnbogadóttir skákkona með íslenska kvennalandsliðinu á Evrópumeistaramótinu í Póllandi s.l. haust með góðum árangri. Þá er ánægjulegt til þess að vita, að skákæfingar séu haldnar í grunnskólum á sambandssvæðinu. Síðar á árinu liggur fyrir að halda hraðskákmót UMSB líkt og s.l. ár.

Með ósk um að skákin eflist á sambandssvæðinu.

F.h. nefndarinnar
Finnbogi Leifsson

Ársskýrslur aðildarféлага

Dansíþróttafélag Borgarfjarðar

Stjórnina skipa:

Guðrún Hildur Þórðardóttir, formaður
Ástríður Guðmundsdóttir, varaformaður
Guðrún Björk Friðriksdóttir, gjaldkeri
Guðrún Elfa Hauksdóttir, ritari

Til vara:

Þóra Sv. Þorkelsdóttir

Dansíþróttafélag Borgarfjarðar hóf fjórða starfsár sitt 2013 með hefðbundnu sniði í samstarfi við Dansskóla Evu Karenar. Á haustdögum slitnaði upp í því samstarfi og urðu því verulegar breytingar á rekstrarformi félagsins. Ráðinn var þjálfari Logi Vígbórsson, en hann er menntaður danskennari með gríðarlega reynslu af kennslu og með ráðningu hans kom Dansíþróttafélagið meira að kennslu og þjálfun en verið hafði áður.

Dansmót

Félagið sendi fulltrúa á öll dansmót sem haldin voru innanlands og á fern dansmót sem haldin voru erlendis.



Fríður flokkur á Copenhagen Open. Aftari röð f.v. Erna Dögg Pálsdóttir, Ármann Hagalín Jónsson, Sigrún Rós Helgadóttir, Daði Freyr Guðjónsson, Hera Hlín Svansdóttir og Arnar Þórsson. Neðri röð f.v. Rakel Eir Erlingsdóttir og Jóhann Páll Oddsson.

Sem fyrr þá byrjaði keppnisárið með Reykjavíkurlaikunum, en 11 pör fóru frá DÍB og stóðu þau sig öll með stakri þrýði. Samhliða Reykjavíkurlaikunum var Íslandsmeistaramót í 5 og 5 dönsum hjá meistaraflokki (F).

Hið árlega opna dansmót Copenhagen Open var að vanda haldið um miðjan febrúar. Frá DÍB fóru fjögur pör og kepptu þau undir merkjum Íslands, eins og gengur með öll íslensk pör sem keppa á erlendri grundu. Copenhagen Open er mjög sterkt mót og gríðarlega mikil inneign í reynslubanka dansaranna,

sem bæði njóta þess að keppa við erlend pör, sem og fá tækifæri til þess að horfa á bestu pör Evrópu keppa.

Í mars fór fram Íslandsmeistaramótið í 10 dönsum í meistaraflokki. Besta árangri náðu þau Ármann Hagalín Jónsson og Erna Dögg Pálsdóttir en þau höfnuðu í 3ja sæti. Óþarft er að segja að önnur pör félagsins sem kepptu á mótinu stóðu sig líka mjög vel.

Ungmennasamband Borgarfjarðar – Ársskýrsla 2013

Í apríl fóru tvö pör til Blackpool í Englandi að keppa. Alltaf er gaman að koma til Blackpool, því í þeirri keppni er landakeppnin svokallaða, en hún felst í því að pör frá mismunandi dansíþróttafélögum keppa saman í einu liði fyrir landið sitt. Að þessu sinni átti DÍB tvö pör sem valin voru að koma fram fyrir Íslands hönd, þau Benjamín Karl Styrmisson og Birgitta Björnsdóttir og Elís Dofra G. Gylfason og Lilju Rún Gísladóttir.

Íslandsmeistaramótið í grunnsporum og bikarmeistaramót meistaraflokks var haldið í lok apríl. Á því móti fara oft dansarar sem ekki hafa keppt áður, því er mótið oft ansi fjölmennt, sérstaklega af yngri keppendum. DÍB eignaðist tvöfalda Íslandsmeistara á mótinu, þau Jóhann Pál Oddsson og Rakel Eir Erlingsdóttir, en þau kepptu í Börn IA.

Fyrstu helgina í júlí fór eitt par frá DÍB, þau Daði Freyr Guðjónsson og Þorbjörg Valdimarsdóttir á landsmót UMFÍ og kepptu fyrir UMSB, það er óhætt að segja að þau rökuðu inn stigum fyrir UMSB og voru sambandinu til sóma.

Daði og Þorbjörg voru mjög öflug á árinu, en þau skelltu sér á Norður Evrópumeistaramótið sem haldið var í Virum í Kaupmannahöfn. Í opinni keppni þar lentu þau í 5. sæti. Auk þess sem þau fóru til London og kepptu þar.



Daði Freyr Guðjónsson og Þorbjörg Valdimarsdóttir í Virum í DK.

Lottó Open var haldið í nóvember 2013. Þá fóru þrjú pör.

Besta árangri náðu þau Daði Freyr Guðjónsson og Þorbjörg Valdimarsdóttir, 3. sæti í ungmennaflokki í suður-amerískum dösnum. Jafnframt voru þau Benjamín Karl Styrmisson og Birgitta Björnsdóttir að stíga sín fyrstu spor í meistaraflokki og náðu þau 4. sætinu í suður-amerískum dösnum.



Birgitta Björnsdóttir og Benjamín Karl Styrmisson Íslandsmeistarar 2013

Síðasta mótið sem félagar tóku þátt í á árinu, var Íslandsmeistaramótið í gömludönsunum, haldið í lok nóvember. Þar kepptu þau Benjamín Karl Styrmisson og Birgitta Björnsdóttir, sem gerðu sér lítið fyrir og sigruðu sinn flokk og eru því Íslandsmeistarar í unglingaflokki í gömlu dönsunum.

Allir félagar sem tóku þátt í dansmótum á árinu voru féluginu til sóma og stóðu sig afskaplega vel.

Önnur starfsemi

Við breytingar á rekstrarformi félagsins þá var tekin sú ákvörðun að efla almennan dans, en ekki bara horfa á samkvæmisdans. Í fyrsta sinn í sögu félagsins skartar það fullnuma danskennara og er ætlun félagsins að nýta það til fulls. Virkja unga sem aldna til þess að fá útrás í dansi, skemmta sér og gleðja aðra.

Félagsmenn Dansíþróttafélags Borgarfjarðar eru öll undir 20 ára aldri, en mjög öflugur hópur sem gaman er að vinna með, og vill stjórnin nota tækifærið og þakka félagsmönnum fyrir frábært starfsár.

Frjálsíþróttafélag Borgarfjarðar

Árið 2013 var ákaflega skemmtilegt ár. Helsta verkefni ársins fólst í því að bjóða upp á frjálsíþróttæfingar í íþróttahúsinu í Borgarnesi fyrir alla aldurshópa. Mæting var ágæt þó gaman hefði verið að sjá fleiri börn úr Borgarnesi og reynda annarsstaðar úr sveitarfélaginu einnig.

Þá tók frjálsíþróttafélagið þátt í sameiginlegum æfingum með ungmennafélögum úr Dölum, Snæfellsnesi og Akranesi. Þær fóru fram á Akranesi og í Reykjavík og voru fengnir leiðbeinendur á þau úr röðum þekktra afreksmanna í frjálsum íþróttum.

Eins gekk árið töluvert út á að koma starfi félagsins í ákveðinn farveg þ.e. hvernig það vill starfa og hvernig kröftum þess er best varið. Er að koma mynd á það en betur ma ef duga skal. Einnig skal það nefnt að félagið fékk inngöngu í UMSB á sambandsþingi vorið 2013.

Þegar þessi orð eru rituð er kominn betri skriður á starfsemina og fjölgað hefur í iðkendahópnum sem er vel.

Sigmundarstöðum í janúar 2014

Einar Guðmann Örnólfsson

Golfklúbbur Borgarness

Í stjórn klúbbsins:

Formaður, Ingvi Árnason
Varaformaður, Björgvin Óskar Bjarnason
Ritari Guðmundur, Finnsson
Gjaldkeri, Margrét Guðnadóttir
Meðstjórnandi, Hans Egilsson

Inngangur

Að baki er 40. árið í rekstri klúbbsins. Ársins verður minnst fyrir bæði súrt og sætt. Fyrst er að nefna að Íslandsmót í holukeppni, keppni þeirra bestu í golfi á Íslandi í dag og voru Íslandsmeistarar kvenna og karla 2013, krýndir hér að Hamri. Við erum afar stolt að fá tækifæri til að halda þetta mót. Það er staðfesting á að við erum með frábæran golfvöll, starfsfólk og félaga sem er treystandi fyrir að undirbúa og stýra slíku verkefni. Þetta er fyrsta árið í mörg ár sem gestum fækkar á Hamri. Sumarið var óvenju votviðrasamt, völlurinn blautur og erfiður í hirðingu og mikið álag á starfsmenn vallarins, vélar og tæki. Þrátt fyrir slæma tíð var fólk að spila golf með bros á vör við allar aðstæður. Líklega er traustasti kjarninn félagahópar sem hafa vanið komur sínar hingað að Hamri til að upplifa íslenskar golfferðir.

40 ára afmæli klúbbsins

40 ára afmæli klúbbsins var minnst þann 27. júlí með fagnaði hér að Hamri. Veg og vanda að undirbúningi afmælisins var í höndum afmælinefndar klúbbsins, en hana skipuðu Jón Haraldsson, Heiðar Lind Hansson, Jóhannes Ármannsson, Björgvin Óskar Bjarnason, Guðmundur Eiríksson og Gunnhildur Lind Hansdóttir.

Við það tækifæri voru þeir Jón J Haraldsson, gjaldkeri klúbbsins til 17 ára og Þórður Sigurðsson fyrrverandi formaður og stofnfélagi klúbbsins sæmdir gullmerki GSÍ fyrir vel unnin störf í þágu golfþróttarinnar.

Nefndin stóð fyrir útgáfu afmælisblaðs (kálfs) sem var dreift með Skessuhorni. Þar sem gerð var grein fyrir starfi klúbbsins og sögu í máli og myndum. Nokkur hagnaður varð af útgáfu blaðsins þar sem við nutum mikillar velvildar allra sem til var leitað með auglýsingar eða styrktarlínur. Hafi þeir betu þakkir fyrir.

Golfsamband Íslands færði golfklúbbum að gjöf „Háttvísibikarinn“ í tilefni 40 ár afmælisins. Háttvísibikarinn skal veittur ár hvert þeim kylfingi klúbbsins undir 18 ára aldri sem endurspeglar hvað mest þá eiginleika sem klúbburinn vill sjá í afreksunglingum sínum. Sá sem hlýtur háttvísibikarinn þarf að hafa mikinn íþróttanda, gefast aldrei upp, sýna miklar framfarir, vera sér og klúbbum til mikils sóma bæði innan vallar sem utan og umfram allt vera fyrirmynd fyrir aðra í kringum sig.

Rekstur golfklúbbsins

Í fjárhagsáætlun klúbbsins fyrir árið 2013 var gert ráð fyrir hækkun tekna og lækkun útgjalda frá fyrra ári. Var gert ráð fyrir að reksturinn skilaði 1,2 m.kr afgangi. Árið var okkur frekar óhagstætt veðurfarslega, sem hafði m.a. áhrif á aðsókn að vellinum. Um 2000 færri hringir voru leiknir á Hamri en árið 2012. Aukning tekna varð heldur minni en vonir stóðu til samkvæmt fjárhagsáætlun, en þó var um aukningu tekna frá árinu 2012. Tekjur af vallargöldum lækkuðu nokkuð en mótagjöld hækkuðu á milli ára. Það verður að teljast nokkuð gott, þegar tekið er tillit til veðurfarsins. Það segir okkur að völlurinn er vinsæll meðal kylfinga, þeir mæta hingað þó að blási og rigni.

Niðurstaða ársreiknings er nú neikvæður um 2,1 m.kr. Rekstur fyrir fjármagnsliði var jákvæður um 2,9 m.kr, Rekstargjöld fyrir fjármagnsliði lækkuðu og er það vel, fjármagnskostnaður hækkaði á milli ára. Gerð verður grein fyrir ársreikningi klúbbsins hér á eftir.

Framkvæmdir, völlurinn, trjárækt

Framkvæmdir voru all nokkrar. Byggðir voru hvítir teigar á 2., 3., 6., 8., 12. og 18. braut. Þá voru byggðar nýjar glompur á 1., 4., 5., 7., 8. og 17. braut. Enn sem fyrr var unnið ötullega að því að fegra og bæta völlinn og gera hann hagkvæmari í allri hirðingu. Aðgerðir á flötum vallarins sem hafnar voru árið 2010 var fram haldið, þ.e. götun og sáning. Það var haft á orði meðal kylfinga að flatirnar á Hamri væru þær bestu á landinu. Svo sem fram hefur komið var sumarið vott, en einmitt þá blómstar völlurinn okkar best. Þegar völlurinn var settur upp fyrir Íslandsmótið í holukeppni var til þess tekið hvað karginn var erfiður, þykkt safaríkt gras sem refsaði kylfingum sem þar lentu, það var enginn að taka þennan völl í nefið þó hann sé ekki langur. „Grænu fingurnir“ hennar Ebbu voru að störfum að Hamri í sumar eins og undanfarin ár. Það er ríkjandi viðhorf meðal kylfinga sem hafa heimsótt völlinn að hann sé fallegasti golfvöllur á Íslandi.

Starfsmannamál

Jóhannes framkvæmdastjóri er eini starfsmaðurinn sem er ráðinn í fullt starf. Sem lið í að bæta rekstarstöðu klúbbsins fór Jóhannes í 6 vikna launalaust leyfi í vetur. Í febrúar var Haraldur Már Stefánsson ráðinn sem vallarstjóri. Halli, eins og við köllum hann, er alinn upp hér á Hamri og tók golfbakteríuna snemma. Hann varð margfaldur klúbbmeistari í golfi, var vallarstarfsmaður og síðar vallarstjóri hjá okkur. Hann fór ungur í víking til Mekka golfsins og nam golfvallarfræði við Háskólann í St. Andrews. Hann er nú kominn aftur til starfa hér á Hamri eftir að hafa haft viðkomu á nokkrum bæjum og byggt golfvelli fyrir landann. Við bjóðum Halla velkomin til starfa hjá okkur og vonumst til að njóta starfskrafta hans á komandi árum. Jóhannes og Halli gengu til allra starfa hér á Hamri við hirðingu vallarins og uppbyggingu svæðisins. Aðrir starfsmenn hjá klúbbnum voru: Trausti Eiríksson, Eggert Örn Sigurðsson, Atli Aðalsteinsson, Birgir Þór Sverrisson, Páll Axel Vilbergsson ásamt þeim Bjarka Péturssyni og Stefáni Fannari Haraldssyni sem komu inn í hlutastarfi að áliðnu sumri. Hér á Hamri eru mun færri starfsmenn en gengur og gerist á öðrum 18 holu golfvöllum, þetta er harðsnúið lið sem við höfum á að skipa. Þessum starfsmönnum eru færðar bestu þakkir fyrir vel unnin störf.

Auglýsingar og styrkir

Auglýsingar er að skila klúbbnum tekjum. Stærstu aðilarnir eru: Vífilfell, Núi-Síríus, Nettó, Securitas, Flugleiðahótel, Norðurál, RARIK og Innnes. Samningur við Borgarbyggð frá árinu 2007 um framlög vegna stækkunar vallarins í 18 holur er í gildi. Samningurinn er til 10 ára og hljóðar upp á 5 m.kr á ári (verðbætt). Þá styrkti UMSB unglingastarf klúbbsins um 226 þús. kr.

Mótahald

Skráð mót á Hamarsvelli sumarið 2013 voru 30. Þar með eru talin mót annarra aðila (hópa/fyrirtækja) en GB. Á vegum klúbbsins voru haldin 12 innanfélagsmót (+tiltektarmót) og 6 almenn opin mót. Auk þess var eitt GSÍ mót, „Sveitakeppni karla, 2. deild“ og eitt LEK mót, þ.e. mótaröð eldir kylfinga. Tekjur af mótahaldi hækkuðu á milli ára, úr 3,4 m.kr í 4,2 m.kr.

Fjöldi félaga - vallartekjur

Félögum klúbbsins fjölgaði um 13 frá fyrra ári, eru nú 173. Tekjur af vallargjöldum voru rétt tæpar 12,5 m.kr og hafa lækkað um 0,5 m.kr á milli ára. Vallargjöld eru nú að jafngildi um 208 félaga á fullu gjaldi. Haft er sem viðmið við rekstur 18 holu golfvalla að 400 félaga þurfi til að standa undir rekstrinum, eða jafngildi þeirra í seldum vallargjöldum. Við erum nú með 381 „félagaígildi“ samkvæmt þessari reglu.

Golfskálinn

Samningi við „Hvíta Bæinn“ um rekstur golfskálans var sagt upp snemma árs. Þar voru í forsvari þær Erla Jónsdóttir og Guðrún Kristjánsdóttir. Í vor hófu þær rekstur veitingastaðar í Englendingavík sem nefnist „Edduveröld“. Fyrir hönd klúbbsins færum við þeim bestu þakkir fyrir ánægjulegt samstarf á liðnum árum. Golfklúbburinn hefur gert samning til 6 ára við Hótel Hamar um rekstur í skálans. Samningurinn tekur til endurbóta og breytinga á veitingaaðstöðunni ásamt rekstri á allri þjónustu í skálanum. Við bjóðum Sigurð og Ragheiði eingendur hótelsins velkomin til samstarfs.

Árangur félaga GB á árinu

Bjarki Pétursson og Júlíana Jónsdóttir urðu klúbbmeistarar árið 2013. Bjarki Pétursson, okkar besti kylfingur, keppti á Eimskipsmótaröðinni og hafnaði fjórði á stigalista mótaráðarinnar, sem er frábær árangur. Unglingarnir okkar voru að gera það gott og sýndu miklar framfarir á árinu. Þar ber helst að nefna að Þorkell Már Einarsson sigraði á lokamóti Áskorendamótaráðarinnar með frábærri spilamennsku á síðustu holunum. Arnór Tumi sýndi miklar framfarir á árinu og kom hann sterkur inn með sveit klúbbsins í Vestmannaeyjum.

Sveitakeppni GSÍ fór fram í ágúst. Þrjár sveitir tóku þátt í keppninni í ár.

Sveit karla keppti í 2. deild sem fram fór í Vestmannaeyjum. Sveitin gerði sér lítið fyrir og sigraði deildina, sigraði sveit Leynis í úrslitaleiknum og mun því leika í 1. deild að ári.

Sveitina skipuðu: Jóhannes Ármannsson, Rafn Stefán Rafnsson, Arnór Tumi Finnsson, Bjarki Pétursson, Finnur Jónsson, Hlynur Stefánsson, Haraldur Stefánsson, Jón Örn Ómarsson

Liðsstjóri: Finnur Jónsson, Aðst liðsstjóri: Ingvi Árnason. Sérstakur peppari: Hilmar Hákonarson Þess má geta að ákveðið er að 1. deildin verði leikin hér á okkar heimavelli þann 8.-10. ágúst á næsta ári.

Sveitir öldunga í kvenna og karlaflokki kepptu í 2. deild sem fram fór í Öndverðanesi 24.-25. ágúst. Kvennasveitin hafnaði í 3. sæti og karlarnir í 4. Sæti og leika áfram í 2. deild.

Golfkennsla

Haraldur Már, vallarstjóri okkar sem einnig er íþróttakennari, sá um golfkennslu barna og unglinga á vegum klúbbsins. Honum til aðstoðar voru Bjarki Pétursson og Arnór Tumi Finnsson. Kennslan hefur skilað miklum framförum hjá þessum aldurshópum og byrjendanámskeiðin hafa aukið golfáhuga almennt hjá yngri kynslóðinni.

Inniaðstaða

Nú í haust var byrjað af krafti við að koma upp inniaðstöðu fyrir golfæfingar í gamla kjötlofti sláturhúss KB. Klúbburinn samdi við Borgarbyggð um aðstöðuna seint á síðasta ári, en framkvæmdir fóru hægt af stað. Vonast er til að fullbúinn æfingasalur með 4 æfingabásum, 18 holu púttvelli og vippsvæði verði komið í gagnið fljótlega eftir áramót. Það veltur á sjálfboðaliðsframlagi félaga á lokasprettinum. Ebba og Finnur hafa verið vakin og sofin yfir þessari aðstöðu og eru búin að leggja ómælda vinnu í þrif, skröpun og spöslun sem og fleira. Jóhannes hefur leitt smíðavinnuna ásamt Halla. Fara þurfti í tímafrekar og kostnaðarsamar aðgerðir til að taka við vatni af hripleku þakinu, annars væri þessi aðstaða sennilega tilbúin. Nú er verið að einangra púttvöllinn, sem síðan verður klæddur krossviði. Þá er bara eftir að mála herlegheitin, klæða púttvöllinn iðagrænu og alla aðra gólfleti í salnum með annarri gerð af teppi. Allt efni er til staðar, það vantar aðeins fúsar og laghentar hendur.

Samstarfsaðilar

Icelandair Hótel Hamar sem enn er í reynd eina „golfhótel“ landsins hefur sett sinn svip á starfsemi klúbbsins. Hótelid hefur boðið kylfingum „golfpakka“ þ.e. golf, gistingu og mat með ýmsum afbrigðum. Haldið var námskeið í golfi í vor með slíkum golfpakka. Um 40% aukning var á fjölda golfgesta á milli ára. Erlendir ferðamenn eru farnir að sýna aukinn áhuga á golfferðum á Hótel Hamar. Horfum við fram á áframhaldandi aukningu „golfhótelgesta“ á komandi árum. Eigendur að Hótel Hamri eru Sigurður Ólafsson og Ragnheiður K. Nielsen. Við þökkum þeim samstarfið á liðnu ári.

Samskipti við aðra klúbba

Samningar við aðra klúbba eru í aðalatriðum tvískiptir. Annars vegar eru það samningar þar sem klúbbar kaupa aðgang fyrir félagsmenn sína að Hamarsvelli og hins vegar þar sem um er að ræða gagnkvæma samninga um afslátt á vallagjöldum.

Samningar um kaup á vallagjöldum eru eftirfarandi:

- Golfklúbbur Icelandair Group
- Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar
- Golfklúbburinn Keilir
- Golfklúbburinn Kjölur
- Golfklúbburinn Leynir
- Golfklúbburinn Oddur
- Golfklúbburinn Setberg
- Nesklúbburinn

Gagnkvæmir samningar eru eftirfarandi:

- Golfklúbburinn Mostri
- Golfklúbburinn Vestarr
- Golfklúbburinn Jökull
- Golfklúbburinn Glanni
- Golfklúbbur Bakkakots
- Golfklúbbur Selfoss
- Golfklúbbur Vestmannaeyja

Lokaorð

Í þessari skýrslu hefur verið stiklað á stóru um helstu atriði í starfsemi Golfklúbbs Borgarness. Gerð er grein fyrir starfi nefnda í sérstökum skýrslum sem lagðar eru fram hér á fundinum. Þetta ár var um margt merkilegt. Afmælisár að baki og við farin að hugsa til næsta afmælis sem verður 50 ára afmæli. Við höfum sett okkur markmið að ljúka uppbyggingu golfvallarins fyrir þann tíma og verður framkvæmdaáætlun þar að lútandi kynnt hér á eftir.

Okkur hefur verið falið að halda mót þeirra bestu hér að Hamri og standa vonir til þess að þau verði fleiri á komandi árum. Stærsta golfmót sem haldið er á Íslandi er Íslandsmótið í högggleik og liggur fyrir áætlun um hvar þau verða haldin fram til 2018. Vel getur verið að GB detti inn á þann lista sem mótshaldari 2019, eða þá á 50 ára afmæli klúbbsins 2023.

Golfvöllurinn okkar er „inn“ í dag. Það kom skýrt fram á síðasta golfsambandsþingi. Forsvarsmenn klúbba óskuðu eftir að fleiri GSÍ mót yrðu haldin hér á Hamarsvelli. Staða okkar í samfélagi golfklúbba er sérstök. Við erum stórir en samt smáir samanborið við marga aðra klúbba. Erum að gera hluti sem við eigum ekki að geta gert, þ.e. að reka hér 18 holu golfvöll í ótrúlega háum gæðaflokki fyrir ótrúlega lítinn pening. Aðrir klúbbar sem við berum okkur saman við eru allir með rekstrarstyrki. Við höfum aldrei notið rekstrarstyrkja í þau 40 ár sem klúbburinn hefur starfað. Við getum verið stolt af frammistöðu okkar. Þar ber fyrst og fremst að þakka okkar frábæru starfsmönnum sem eru að gera kraftaverk alla daga. Ég vil að lokum þakka stjórn, nefndum og öðrum félögum og velunnurum gott starf í þágu klúbbsins og samstarfsaðilum öllum ánægjulegt samstarf.

F.h Stjórnar Golfklúbbs Borgarness

Ingvi Árnason

formaður.

Golfklúbburinn Glanni

Síðastliðinn vetur var unnið við að stækka og lagfæra nokkra teiga hjá okkur. Nokkru fyrir opnun vallarins mættu nokkrir vaskir félagsmenn tvisvar sinnum og lögðu torf á teigana og einnig var borin mól í stiga.

Golfvöllurinn var opnaður um hvítasunnuhelgina, þrátt fyrir að völlurinn væri varla tilbúinn því það voraði seint. Eitthvað kal var í vellinum eftir veturinn, flötin við áttundu holu kól töluvert. Hleypt var inn á nýju teigana um miðjan júní, þá orðnir mjög grænir og fallegir. Þessir nýju teigar eru í mjög góðu lagi eftir sumarið og tróðust mjög lítið niður vegna stærðar. Nú í vor þarf að sanda, sá og bera áburð á þá svo grasrótin verði þéttari. Trjágróður var klipptur við nokkra teiga, en við það urðu teigarnir rúmbetri og eins er þetta mjög gott fyrir trjágróðurinn sem verður bara fallegri á eftir.

Skálinn okkar var málaður að utan í sumar og var það verk unnið í sjálfböðavinnu. Kaffi Munaðarnes rak golfskálann í sumar til loka júlí. Eigendur í Hreðavatnsskála tóku við rekstrinum strax í byrjun ágúst og var skálinn opinn fram yfir miðjan ágúst. Sömu rekstraraðilar hafa áhuga á að reka skálann áfram næsta sumar. Við bindum miklar vonir við að skálinn geti verið opinn allt næsta tímabil. Við teljum að það sé mikilvægt fyrir golfvöllinn að skálinn sé alltaf opinn og bjóði upp á góðar veitingar fyrir gesti vallarins. Rafrænir posar voru settir upp í skálanum og úti í sjálfsafgreiðslunni. Frá og með 1. Júlí í fyrrasumar var opnað fyrir rástímaskráningu.

Við vorum í samstarfi við nokkur starfsmannafélög þar sem starfsmenn þessara félaga gátu spilað völlinn og fengu góðan afslátt af vallargjöldum, eins voru gerðir nokkrir vinavallasamningar. Einnig vorum við í samstarfi við AHA og Hótel Bifröst þar sem boðið var til sölu gisting í eina nótt og einn 18 holu hringur á Glanna. Golfklúbburinn og Hótel Bifröst hafa ákveðið að halda þessu samstarfi áfram á þessu ári. Einnig munum við vera í samstarfi við eigendur í Hreðavatnsskála um að bjóða golfurum gistingu þar.

Þrátt fyrir rigingasumar þá tókst okkur að skila hagnaði af rekstri vallarins. Vonandi verður veðrið á komandi sumri golfurum hagstæðara. Nú eru stjórnarmenn á fullu að undirbúa næstu vertíð. Það verður spennandi að sjá hvort veðurguðirnir verði ekki okkur hliðhollari.

Ný stjórn tók við á aðalfundi sem haldinn var í byrjun desember. Í stjórn sitja: Snorri Þórðarson formaður, Garðar Hilmarsson, Kolbeinn Pálsson, Jónas Magnússon, Viðar Þorsteinsson og varamaður er Jón Freyr Jóhannsson.

Golfklúbburinn Skrifla

Meginstarf félagsins er að styrkja rekstur Reykholtisdalsvallar. Það hefur samning við eigendur golfvallarins um heimili klúbbsins og fyrirgreiðslu í golfskálanum Byrgishóli að Nesi í Reykholtisdal, réttindi og aðgang félagsmanna að vellinum hverju sinni. Félagið er aðili að Golfsambandi Íslands.

Fullgildir félagar eru 15. Unglingar 17 ára og yngri eru ekki gjaldskyldir séu þeir skráðir félagar í klúbbum.

Klúbburinn hefur haldið golfmót fyrir félaga sína og á liðnu sumri var einnig gengið til samvinnu við félagsskap eldri borgara og haldið *Íslandsmót Félags áhugafólks um íþróttir aldraðra í pútti* á Reykholtisdalsvelli þann 6. september. Þátttakendur voru um 50, víðsvegar að af landinu.

Reykholtisdalsvöllur er 9 holu golfvöllur með æfingasvæði og tveimur 9 holu púttvöllum við golfskálann. Vallarmat er viðurkennt af GSÍ. Heimsóknir um það bil 700 golfleikara yngri sem eldri til golfleiks s.l. ár voru um það bil 2.000.

Hestamannafélagið Faxi

Ekki verður annað sagt en starf hestamannafélagsins Faxe árið 2013 hafi verið töluvert viðburðaríkt. Félagið náði þeim merkilega áfanga að verða 80 ára og er eitt elsta starfandi hestamannafélag á landinu.

Til stóð að fagna áfanganum nú í haust og buðum við m.a. Skagfirðingum að koma og samgledjast okkur. Því miður náðist ekki næg þátttaka í þeim viðburði hvorki meðal Skagfirðinga né heimamanna. Mér finnst það svolítið áhyggjuefni að ekki skuli takast að halda afmælishátíð eða árshátíð í 250 manna félagi. Að halda árshátíð eða uppskeruhátíð á að vera til þess að þjappa félagsmönnum saman og til þess að þeir sem vel hafa unnið hvort sem er í leik eða starfi fái smá klapp á bakið.

Á þingi LH haustið 2012 sóttum við Faxamenn um að fá að halda Íslandsmót í hestaíþróttum fullorðinna sumarið 2013 með aðstoð Skuggamanna. Þeirra aðkoma að mótinu fólst í því að leigja okkur aðstöðuna í Borgarnesi og aðstoða við framkvæmd mótsins.

Fleiri félög sóttust eftir að halda mótið, en eftir kosningu kom það í okkar hlut. Strax eftir þingið var búin til framkvæmdanefnd sem skipuð var 3 Faxamönnum og 2 frá hestamannafélaginu Skugga.

Fjórðungsmót var haldið á Kaldármelum í lok júní og vorum við aðilar að því ásamt Dreyra, Skugga, Snæfelling og Glað. Húnavetningum og Skagfirðingum var boðinn þátttökuréttur á mótinu sem þeir og þáðu. Veðurspá dagana fyrir mót var ekki til að auka þátttöku á mótinu en framkvæmd mótsins gekk vel þótt veðrið hafi sett svolítið strik í reikninginn. Það hefði verið gaman að sjá svolítið fleira fólk á svæðinu. Fullmannað var í flestar greinar í fullorðinsflokkunum frá félaginu, en við þurfum að gera betur í barna og unglingaflokkunum. Varðandi fjárhaginn þá kom mótið út við núllið, endanlegt uppgjör hefur ekki farið fram.

Ungmennasamband Borgarfjarðar – Ársskýrsla 2013

KB mótarið gekk mjög vel. Skráningar voru margar og mótið skammtileg. Það er ljóst að áframhald verður á þessum mótum, en kannski með aðeins breyttu sniði. Mótið hafa verið samvinnuverkefni Faxa og Skugga en hugmyndin er að nú haldi reiðhöllin Faxaborg mótið sem myndi einfalda svolítið uppgjör og annað umstang í kringum þau. Talað hefur verið um að setja hámark á fjölda keppenda í liði en allt er þetta í höndum KB mótanefndar og stjórna félaganna.

Faxagleði var haldin á Miðfoss 17. ágúst. Var hún heldur illa sótt og má þar eflaust ýmsu kenna um. Bikarmót Vesturlands lenti á sama degi, heyskapur var í seinna lagi o.s.frv. Faxagleði er hlutur sem þarf að taka dálítið alvarlega þar sem þetta hefur oft verið ein besta fjáröflun félagsins. Við þurfum að leggja meiri metnað í söfnun styrkja frá fyrirtækjum og einstaklingum. Það hefur ekki gefist nógu vel að hringja út, það þarf endilega að fara á staðinn. Þetta ætti ekki að vera stórmál ef við stöndum saman að þessu.

Hestamannafélagið Skuggi

Stofnað 01. janúar 1990

Félagar: 270

Stjórn félagsins, kosin á aðalfundi Skugga þann 13. janúar 2014:

Stefán Logi Haraldsson, form.	stefan@limtrevirnet.is
Reynir Magnússon, varaform.	reynir@loftorka.is
Kristján Þ. Gíslason, ritari	kristgis@simnet.is
Arnar Már Gíslason, gjaldkeri	arnarmg@simnet.is
Sigurþór Óskar Ágústsson, meðstj.	austurholt3@simnet.is

Varastjórn:	Sigríður Jóna Sigurðardóttir	hraunholt@simnet.is
	Birgir Andrésson	birgir@loftorka.is

Skýrsla stjórnar 2013.

Stjórn félagsins á starfsárinu 2013, sem kosin var á aðalfundi Skugga þann 04. desember 2012 var þannig skipuð:

Stefán Logi Haraldsson, form., Reynir Magnússon, varaform., Helga Björk Þorsteinsdóttir, ritari, Arnar Már Gíslason, gjaldkeri og Sigurþór Óskar Ágústsson, meðstj.

Varastjórn skipuðu þær: Guðríður Hlíf Sigfúsdóttir og Sigríður Jóna Sigurðardóttir og voru þær einnig boðaðar til allra funda stjórnar.

Starfsemin hjá okkur í Skugga var mjög öflug á starfsárinu, en það hefur einkennst m.a. af þátttöku okkar við vinnu að tveimur stórum mótum hér á Vesturlandi, þ.e. Fjórðungsmóti Vesturlands á Kaldármelum og Íslandsmóti fullorðinna – sem haldið var hér í Borgarnesi í umsjón Hmf. Faxa en með dyggum stuðningi okkar í Skugga. Í tengslum við þetta Íslandsmót þá var mikil vinna lögð fram af hálfu allmargra félaga við uppbyggingu vallarsvæðisins okkar og mikill sómi var okkur af svæðinu og völlum á Íslandsmóti – þannig að verulega aðdáun vakti hjá öllum keppendum og öðrum sem með fylgdust. Þá má einnig telja til öflugt starf Æskulýðsnefndar, þar sem börnum okkar og unglingum var boðið uppá mikið kennslu- og fræðslustarf í knapamerkinu, keppnisnámskeiðum og

Ungmennasamband Borgarfjarðar – Ársskýrsla 2013

fleiri almennum námskeiðum. Skilaði það sér ríkulega í glæsilegri þátttöku okkar yngri félagsmanna í mótum á starfsárinu.

Stjórnin hefur á starfsárinu haldið 8 bókaða stjórnarfundum, auk allmargra óformlegra funda með nefndum félagsins, stjórnunum annarra hestamannafélaga á Vesturlandi, starfsmönnum sveitarfélagsins og fleiri aðilum er tengjast starfseminni. Þá hefur undirritaður sótt formannafundi hjá UMSB og LH – og aðalfundi í hlutafélagunum Reiðhöllin Vindási ehf. og Selási ehf.

Upplýsingastreymi til félagsmanna hefur sem áður að mestu farið fram í gegnum heimasíðu félagsins og með fjölpósti á netfangalista félagsins.

Uppfærsla og upplýsingagildi heimasíðunnar er sem fyrr mjög þýðingamikið og er þetta mikilvægasti miðill okkar til að hafa samskipti við félagsmenn og aðra sem vilja fylgjast með starfi okkar. Sem fyrr hefur Kristján Gíslason haft veg og vanda af uppfærslu heimasíðunnar og eru Kristjáni færðar miklar þakkir fyrir framlag sitt og eljusemi, á þessum vettvangi, fyrir okkur.



Eins og áður var getið um þá var unnið algjört þrekvirki í uppbyggingu vallarsvæðisins okkar og fram haldið með umbætur og endurnýjun á svæðinu. Klárað var að girða upp allt vallarsvæðið og einnig endurnýjaður hlýðnivöllurinn, sem nánast var horfinn af kortinu, en á hann var lagður skeljasandur og hann girtur af og tengdur við vallarhringinn. Jarðvegsvinna í kringum vellina var einnig mikil, drenað og sléttað, grjót tínt og þökulagt, ásamt því að búa til púða fyrir startbása við enda langbrautarinnar. Þá var í tengslum við vallarframkvæmdirnar gengið frá umhverfi dómpallsins og reiðvegur lagður til

Ungmennasamband Borgarfjarðar – Ársskýrsla 2013

tengingar milli hverfisins og reiðhallarinnar – en sú framkvæmd var í umsjón Reiðveganefndarinnar. Ég vil nota tækifærið hér og þakka þeim félögum Péttri Sumarliðasyni, Halldóri Sigurðssyni og Reyni Magnússyni, vallarnefndarmönnum, sérstaklega fyrir þeirra óeigingjarna starf og forystu í verkefninu – en Pétur Sumarliðason stýrði þessu verkefni af mikilli festu og vinnusemi, svo eftir var tekið. Einnig er ástæða til að þakka öllum þeim félögum sem komu að þessu starfi, en jafnframt verð ég að minna félaga á að oft hefði verið þakkarvert að fleiri félagsmenn hefðu gefið sér tíma til að taka þátt í þessu starfi, við erum jú ansi fjölmennt félag – og með hliðsjón af því var hlutfall þeirra sem þátt tóku alltof lágt. Þetta starf getur verið strembið í amstri dagsins, en það getur undirritaður sjálfur vitnað um að það er mjög gefandi og skemmtilegt að taka þátt í svona átaki með félögum sínum og ánægjan mest að loknu áragngursríku verki.

Mótahald félagsins var mjög blómlegt á árinu og stóð mótanefnd okkar fyrir Gæðingamóti, Íþróttamóti og firmakeppni, ásamt úrtöku fyrir fjórðungsmótið á Kaldármelum, flest af þessum mótum voru haldin í samstarfi við Hmf. Faxe og eins var með KB mótaröðina, en þar voru haldin þrjú mót í samstarfi félaganna.



Kaupfélag Borgfirðinga var áfram styrktaraðili mótaráðarinnar og styrkti það með mjög myndarlegum hætti. Hagnaður varð af mótahaldinu þetta starfsárið, svo sem fram kemur í reikningum okkar. Þá má með sanni segja að stóru mótin tvö sem við tókum þátt í að vinna að, þ.e. Fjórðungsmótið á Kaldármelum og Íslandsmótið í Borgarnesi, hafi fallið undir mótahald á vegum félagsins.

Að Fjórðungsmótinu á Kaldármelum stóðu öll hestamannafélögin á Vesturlandi og var starfandi framkvæmdanefnd fyrir það mót, sem sá um allan undirbúning og skipulagningu. Okkar fulltrúar í framkvæmdanefndinni voru þeir Ingi Tryggvason og Ámundi Sigurðsson og eiga þeir miklar þakkir skildar fyrir sína miklu vinnu og fórnfýsi. Þá voru nokkrir félagar okkar við störf á mótinu sjálfu og eru þeim einnig færðar þakkir fyrir framlag sitt. Afkoma þessa Fjórðungsmóts liggur ekki endanlega fyrir, því miður, en ljóst er að mótið hefur ekki skilað neinum rekstraafgangi og enn er verið að reyna að koma niðurstöðunni niðurundir núllið. Veðurfarið fyrir og á mótinu sjálfu fór illa með okkur að þessu sinni, en töluvert vantaði uppá að sá fjöldi sem reiknað hafði verið með, skilaði sér á mótið.

Íslandsmót fullorðinna var síðan haldið hér í Borgarnesi um miðjan júlí og var það mót formlega á vegum Hmf. Faxe, í tilefni af 80. ára starfsafmælis þeirra. Við í Skugga höfðum lofað að veita þeim stuðning og standa að mótinu með þeim – og að því tilefni útveguðum við þeim tvo félaga í framkvæmdanefnd mótsins, þá Marteín Valdimarsson og Kristján Gíslason og vil ég einnig nota tækifærið hér og þakka þeim sérstaklega fyrir þeirra miklu vinnu og fórnfýsi. Þá voru einnig margir

Ungmennasamband Borgarfjarðar – Ársskýrsla 2013

Skugga-félagar sem lögðu fram starfskrafta sína á mótinu sjálfu að ógleymdu miklu starfi fyrir mótið, m.a. við að koma svæðinu í toppstand og eins við frágang að móti loknu. Er þessum félögum okkar einnig færðar þakkir fyrir gott starf. Afkoma Íslandsmótsins liggur ekki heldur fyrir, endanlega, þó ljóst sé að mótið hefur komið út með einhverjum hagnaði, líklega í kringum 700 þúsund, en það var um það talað strax í upphafi að félögin kæmu til með að skipta afrakstrinum á milli sín til helminga og á ég von á að það uppgjör líti dagsins ljós fljótlega. Sótt var um styrk til Borgarbyggðar vegna uppbyggingar á vallarsvæðinu, í tengslum við Íslandsmótið og fékk Skuggi myndarlegan styrk að upphæð 850 þúsund, vegna þessa verkefnis. Það var einnig ljóst frá upphafi þessa verkefnis að þar sem þetta er vallarsvæði í eigu Skugga, þá myndum við alfarið sjá um uppbyggingu svæðisins og í raun lítið þannig á að styrkur Borgarbyggðar væri endurgjald fyrir leigu á vallarsvæðinu og félagsheimilinu, en Íslandsmótið greiddi enga beina leigu fyrir aðstöðuna – eins og þó tíðkast víðast hvar annars staðar.

Æskulýðsnefndin okkar var gríðarlega öflug í starfsemi sinni, að vanda og stóð nefndin fyrir miklu námskeiðahaldi, knapamerki á flestum stigum og keppnisnámskeiðum, svo lítið eitt sé nefnt. Einnig var nefndin með sína árlegu unglingaferð í byrjun ágúst, þar sem farið var í tveggja daga hestaferð í Lambafell og gist þar eina nótt, grillað og haft gaman. Glæsileg skýrsla Æskulýðsnefndar er að finna á heimasíðu Skugga og á vef LH, en þar er komið nánar inná margþætta starfsemi nefndarinnar. Þá má geta þess að einn félagi okkar úr Skugga, hún Guðbjörg Halldórsdóttir, var valin sem einn af íslensku þátttakendunum í FEIF Youth Camp 2013, sem haldið var 22.-29. Júlí 2013, í vesturhluta Noregs, milli Álasunds og Molde. Styrkti félagið Guðbjörgu til fararinnar með lítilsháttar framlagi og vonum við að þessi þátttaka hennar verði öðrum ungmennum hvatning til að sækjast eftir slíkum viðburðum. Guðbjörg var félaginu okkar til sóma, eins og við var að búast af henni og var hún glæsilegur fulltrúi okkar félags á alþjóðavettvangi hestamennskunnar.

Mikið samstarf var á starfsárinu með Hmf. Faxe, í æskulýðsstarfinu og von er til þess að það samstarf eigi eftir að eflast og halda áfram, í þágu allra ungra hestamanna í Borgarfirðinum.

Beitarmálin hjá okkur voru með svipuðu sniði og verið hefur undanfarin ár en ásókn í hagabeit var þó heldur meiri en undanfarin ár. Það voru 290 hross í sumarbeit, 75 hross í hausbeit og 75 hross í heilsársbeit. Beitarnefndin sér um úthlutun beitarhólfanna og gekk það upp með ágætum og tókst að útvega beit fyrir þau hross sem sótt var um fyrir, þó naumt hafi það nú kannski verið í ár. Þá sér nefndin um að framfylgja leigusamningum okkar við Borgarbyggð og Holtslandið. Fundað var með fulltrúum sveitafélagsins um vanhöld á framkvæmd samningsins og því miður er ennþá sú staða uppi að hluti af því svæði sem okkur var úthlutað í beitarbætur er ekki ennþá laust til afnota, þar sem sveitafélagið hefur ekki klárað málin við þá aðila sem nýtt hafa þessi svæði. Beitarbæturin við Borgarbyggð er með framlengingarákvæði um eitt ár til viðbótar, ef ekki er sagt upp fyrir mitt árið og er því samningurinn í gildi út næsta ár.

Reiðvegagerð var með allra öflugasta móti á þessu starfsári og er vert að þakka sérstaklega fyrir öflugt starf þeirra félaga í reiðveganefnd, undir styrkri forystu Marteins Valdimarssonar. Framkvæmdafé á starfsárinu er ríflega 3 milljónir króna og hefur mikið miðað í þessum málaflokk á undanförunum árum. Mikið starf er ennþá framundan í reiðvegagerð út frá félagssvæðinu okkar, eins og endurbætur á núverandi reiðleiðum og nýjar og öruggari reiðleiðir með stofnbrautum og vegum.

Umhverfisnefnd félagsins var því miður ekki mikið virk á starfsárinu, þar sem formaður hennar baðst lausnar fljótlega og má flokka það undir trassaskap formanns félagsins og stjórnar að koma ekki skikki

Ungmennasamband Borgarfjarðar – Ársskýrsla 2013

á forystu í nefndinni og skal undirritaður taka þá ábyrgð á sig. Umhverfismálin eru þó ávallt mikilvæg fyrir okkar félagsstarf og má segja að þau hafi að einhverju leyti fléttast inn í undirbúning svæðisins fyrir Íslandsmótið okkar í sumar og starf vallarnefndar í þess þágu. Það er einnig alveg ljóst að nú um áramótin er komið að því að öll hesthús í hverfinu okkar eiga að vera með lokaðar taðprær og því ekki eftir neinu að bíða fyrir eigendur hesthúsanna, en að koma sínum málum í lag.

Fræðslu- og skemmtinefnd félagsins stóð fyrir járningarnámskeiði þann 20. apríl 2013, sem Gunnar Halldórsson sá um og einnig sá nefndin um uppskeruhátíð félagsins þann 1. nóvember 2013, þar sem veittar voru viðurkenningar fyrir árangur barna og unglinga, ásamt sérstakri viðurkenningu fyrir ástundun og dugnað við hestamennskuna, sem nú féll í hlut Ísólfs Ólafssonar. Þá voru veittar viðurkenningar fyrir ræktun kynbótahrossa félagsmanna, í samstarfi við kynbótanefnd.

Kynbótanefnd félagsins stóð fyrir skemmti- og kynnisferð í Vestur-Húnavatnssýslu, þann 4.maí 2013. Farið var í heimsókn að Lækjarmóti í Víðidal, að Grafarkoti og í hesthúsahverfið á Hvammstanga, þar sem félagar í þyt tóku á móti okkur með miklum veitingum, súpu, brauði og drykkjarföngum. Ekki skorti heldur á veisluföngin hjá Ísólfi og Vigdísu að Lækjarmótum og Herdísu og Indriðu að Grafarkoti. Var þetta frábær ferð í alla staða og tóku þátt í ferðinni um 20 félagar. Vonandi getum við endurgoldið þessar höfðinglegu móttökur þeirra Þyts-félaga þegar þeir sækja okkur heim.

Ferðanefnd Skugga stóð að vanda að fjöruferð í Rauðanesfjörur, um páskana og síðan var síðsumarferðin farin 17. ágúst 2013, en að þessu sinni var það eins-dags ferð út frá Svignaskarði.



Starfsemi reiðhallarinnar FAXABORG hefur verið með hefbundnu sniði og má nefna viðburði okkar þar svo sem KB mótaröðin, dansleikur með Páli Óskari á síðasta vetrardag (24. apríl) og Vesturlandssýning 23. mars 2013, en sú sýning var sem fyrr í samstarfi allra félaganna á Vesturlandi.

Ungmennasamband Borgarfjarðar – Ársskýrsla 2013

Vesturlandssýningin þótti takast mjög vel og það eina sem olli hugarangri var að fullt var út úr dyrum og því miður þurfti að vísa nokkrum gestum frá þar sem húsrúm reyndist ekki fyrir alla gesti. Margt fleira væri hægt að tína til af viðburðum í höllinni, en segja má að stanslaus umferð sé þar um yfir háveturinn – en róast svo yfir sumarmánuði og haustið. Að vísu var reiðhöllin einnig nýtt töluvert í tengslum við Íslandsmótið í sumar. Fulltrúar okkar í reiðhallarstjórninni og því þeir sem vinnan þar hefur hvílt mest á eru þau Bjarni Guðjónsson, Ingvar Jóhannsson og Svanhildur Svansdóttir og eru þeim hér með færðar miklar þakkir fyrir þeirra vinnu í okkar þágu þar.

Reiðhöllin Vindási ehf., sem er félagið sem heldur utan um eignarhaldið á reiðhöllinni, er í góðum málum og hefur getað staðið við sínar skuldbindingar, þökk sé samningi við sveitafélagið um hlutafjárframlög og eins hafa félögin Faxi og Skuggi greitt hvort sín 500 þúsundin á ári í hlutafé. Er nú komið að því að á árinu 2014 verður hlutafélagið búið að greiða upp lán sitt við Arionbanka og höllin orðin skuldlaus eigendum sínum.

Ráðist var í endurbætur á þakkanti félagsheimilisins okkar hér við Vindásinn á árinu og komu nokkrir harðsnúnir félagar okkar að því verki og færi ég þeim miklar þakkir fyrir. Útleiga á félagsheimilinu hefur verið nokkur, svo sem jafnan áður, en það verður nú að segjast að það eru farnar að renna tvær grímur á okkur um það hvort það sé standandi í því að vera að leigja félagsheimilið út til party-halds óskildra aðila, en í tvígang komu upp leiðindi tengt því á árinu. Verkefni okkar framundan er að móta okkur ákveðna stefnu í útleigu á húsnæðinu og setja fastari reglur um hana, eins þarf að herða á frágangi og þrífum eftir útleigu og eins eftir að við sjálf höfum nýtt húsnæðið í þágu félagsins. Það gengur ekki að láta það verða vandamál þeirra sem eru í forsvari fyrir félagsheimilið hverju sinni. Margrét Grétarsdóttir hefur veitt húsnefndinni forystu og staðið vaktina af stakri þrýði, eins og henni er einni lagið og vil ég sérstaklega færa henni bestu þakkir fyrir sína ómetanlegu vinnu þar. Það er komið að því að við tökum okkur á með frekara viðhald og endurbætur á félagsheimilinu og standa vonir til að við getum málað húsið upp á nýtt – að utan allavega – á komandi starfsári, auk þess sem ýmislegt fleira þarf að gera til að fríska uppá húsnæðið.

Á árinu 2013 var gengið frá miklum samstarfssamningi milli UMSB og Borgarbyggðar, um fjárhagsstuðning sveitafélagsins við íþróttahreyfinguna og uppbyggingu íþróttamannavirkja á næstu árum. Er nú svo háttað málum að öll samskipti íþróttafélaganna við sveitarfélagið eiga að fara í gegnum UMSB og hefur sambandið nú ráðið starfsmann í fullt starf, til að sinna þessum málum. Ekki var það nú sannfæring undirritaðs að okkar félag ætti heima þarna inni þessum samningi, en þannig verður það nú víst að vera – þó sýnilegt sé strax að okkar samskipti við sveitarfélagið tengjast meira umsýslu starfssvæðisins okkar hér í hesthúsahverfinu, skipulagsmálum og rekstri mannvirkja, sem er nú ekki alveg sambærilegt hjá flestum öðrum aðildarfélögum innan sambandsins, nema kannski að undanskildum golfurunum.

Stjórn Skugga hefur á hverju ári tilnefnt félaga til íþróttamanns ársins, í Borgarbyggð, annars vegar og til UMSB, hins vegar. Nú er þetta orðið sameiginlegt, með tilkomu samstarfssamningins, sem ég gat um áður. Nú skal tilnefna til eins íþróttamanns Borgarfjarðar. Stjórn félagsins hefur í þessu tilefni valið Atla Steinar Ingason, sem íþróttamann Skugga, árið 2013 og hefur hann þar með verið tilnefndur sem slíkur til íþróttamanns Borgarfjarðar 2013. Atli Steinar er vel að þessari nafnbót kominn, en hann var sigursælasti knapi okkar Skugga-manna í mótum ársins. Atli Steinar hefur stundað hestamennsku síðan hann var lítill og keppt á fjölmörgum mótum síðan hann var í barnaflokki og nú í unglingaflokki. Hann hefur m.a. keppt á tveimur landsmótum og á Fjórðungsmóti

Ungmennasamband Borgarfjarðar – Ársskýrsla 2013

Vesturlands á síðasta ári, fyrir Hmf. Skugga. Við óskum Atla Steinari til hamingju með þessa nafnbót og vonum að hann nái langt í kjörinu til íþróttamanns Borgarfjarðar, sem nú stendur yfir.

Nú hefur verið hlaupið yfir það helsta í starfinu okkar í félaginu á liðnu starfsári og reynt að koma sem flestum atriðum að, en væntanlega hefur eitthvað gleymst, sem vert hefði verið að geta um. Starfsemi félagsins hefur verið mjög öflug og góð að mati undirritaðs og kraftur og samhugur í félagsmönnum.

Ég vil að lokum þakka öllum félagsmönnum fyrir gott samstarf á árinu og þá vil ég þakka sérstaklega þeim fjölmörgu félagsmönnum sem starfað hafa í nefndum félagsins, eða sinnt öðrum verkefnum fyrir það, á starfsárinu.

Stefán Logi Haraldsson, formaður

Skotfélag Vesturlands

Aðalfundur Skotfélags Vesturlands var haldinn í apríl og urðu þar breytingar á stjórn en Jón Arnar Sigurpórsson hætti sem meðstjórnandi í stjórn og kom í hans stað Kristján Vagn Pálsson. Stjórnina skipa: Þórður Sigurðsson formaður, Ómar Jónsson ritari, Hilmir Valsson gjaldkeri og meðstjórnendur, Stefán Ólafsson og Kristján Vagn Pálsson. Starfsemin árið 2013 hefur litast af þeirri uppbyggingu sem hefur átt sér stað við inni aðstöðuna í Brákarey, en þar eru föst vinnukvöld á mánudögum og fimmtudögum en nú er farið að sjá fyrir endann á því stóra verkefni. Fjöldi félaga er kominn yfir eitthundrað og má það teljast gott í félagi sem er ekki orðið tveggja ára.

Tekjuöflun.

Skotfélagið stóð fyrir skotprófum fyrir verðandi hreindýraskyttur síðastliðið sumar eins og í fyrra, en prófin voru haldin í nágrenni Borgarness á landi sem félagið fékk tímabundið að láni og skiluðu prófin tekjum fyrir félagið. Þá hefur félagið séð um verklegan hluta skotvopnanámskeiðs á vegum Umhverfisstofnunar en aðaltekjur félagsins eru í formi félagsgjalda.

Aðstaða.

Félagið er með inniaðstöðu í gamla sláturhúsinu í Brákarey og von bráðar verður sú aðstaða tilbúin, en þegar hefur verið sett á dagskrá skotmót sem haldið verður í apríl á vegum Skotsambands Íslands, en það er Vesturlandsmótið í loftskammybyssu. Vinna við að fá úthlutað útisvæði er í fullum gangi og fer vonandi að draga til tíðinda í þeim efnum. Þess skal getið að aðstaðan sem er að verða til í Brákarey er ein sú glæsilegasta á landinu og má UMSB vera stolt af þessari viðbót á íþróttaaðstöðu, en ekki verður aðeins hægt að æfa og keppa í skotfimi heldur mun einnig vera aðstaða til bogfimi iðkunar sem er íþrótt í mikilli sókn þessa dagana.

Fyrir hönd stjórnar
Þórður Sigurðsson

Ungmennafélagið Björn Hítðælakappi

Haldinn var einn félagsfundur á árinu þar sem mættir voru 16. félagar. Gengu fimm nýir í félagið og eru félagsmenn núna 64.

Stjórnin kom saman á þremur stjórnarfundum.

Félagsmenn mættu á þrjá formannafundi og eitt sambandsþing

Félagið var með veitingasölu í Hítardalsrétt 16. september sem gekk bara nokkuð vel og varð hagnaður af því. Boðið var upp á gúlassúpu sem Agnes í Hundastapa eldaði og gos og nammi.

Afgangurinn af veitingunum var svo gefinn á sameiginlega hrútasýningu fjárræktarfélaganna í Hraunhrepp og Álftaneshrepp sem haldin var í Lækjarbug 20. október.

23. október var formannafundur UMSB haldinn í Lyngbrekku og var hann í umsjón félagsins. Þar var boðið upp á kaffi og smákökur.

Enn er ekki búið að samþykkja lög félagsins. Stjórnin fékk bréf í hendurnar 23. október þess eðlis að gera þyrfti smávægilegar breytingar á þeim svo stjórnin kom saman og gerði þær og sendi aftur en ennþá hefur ekki borist svar um það hvort þau séu samþykkt eða ekki.

Reiðveganefnd Faxe hafði samband til að athuga hvort áhugi væri fyrir því að félagið myndi grjóthreinsa götuna gegnum hraunið frá Svarfhóli að Grjóta. Ákvað stjórnin að gera það og því borgaði Faxi fyrir áramót en eftir er að framkvæma verkið.

Ungmennafélagið Dagrenning

Starf Ungmennafélagsins Dagrenningar var með svipuðu sniði og verið hefur undanfarin ár. Félagið er lítið en öflugt. Að vanda hófst árið með áramótagleði í félagsheimilinu Brautartungu þar sem félagsmenn komu saman og fögnuðu nýju ári.



Í febrúar, nánar tiltekið á þorraþrælum, var haldið þorrablót en það var afar vel sótt og komust færri að en vildu. Blótið tókst mjög vel og vöktu heimagerð skemmtiatriði mikla lukku. Má með sanni segja að þorrablótið sé í hjörtum flestra sá viðburður ársins sem ekki er hægt að sleppa.

Á aðalfundi í mars var kjörin ný stjórn og tók Sigurður Ragnarsson við formennsku af Birtu Berg Sigurðardóttur. Þá var Kolbrá Höskuldsdóttir kosin ritari og Bjarnheiður Jónsdóttir gjaldkeri.

Í apríl stóð félagið fyrir hagræðingakvöldi og var sú skemmtun afar vel sótt. Félagsmenn hafa mikinn áhuga á að standa aftur fyrir slíkri samkomu.

Ungmennasamband Borgarfjarðar – Ársskýrsla 2013

Hátíðahöld þann 17. júní fóru fram venju samkvæmt, sjá mátti hin ótrúlegustu fley þeytast niður eftir Grímsánni auk þess sem ermalengsta peysa í heimi vakti mikla lukku.



Að lokinni siglingakeppni settust allir saman í félagsheimilinu og gæddu sér á kaffi og kökum. Eftir kaffi voru svo iðkaðar hinar ýmsu íþróttir og vöktu þá sérstaka athygli landsliðstaktar félagsmanna í hornabolta. Eftir kvöldmjaltir hittust félagsmenn svo aftur, grilluðu og gerðu sér glaðan dag.

Síðsumars stóð ferðanefnd félagsins fyrir ferð um uppsveitir Suðurlands þar sem félagsmenn sýndu sig og sáu aðra. Farið var meðal annars í Þórsmörk og Þjórsárdal auk þess sem litið var á ný fjárhús á Stóru-Reykjum.

Félagsmenn á öllum aldri í Þórsmörk



Í ágúst stóð félagið ásamt Ungmennafélaginu Íslending fyrir Ármóti í frjálsum íþróttum á Hvanneyri. Fór það afar vel fram og ekki skemmdi einstaklega fallett veður fyrir.

Þegar hausta tók hittust svo félagsmenn og héldu áfram þar sem frá var horfið við gróðursetningu trjáplantna í kringum lóð félagsins í Brautartungu. Nú er bara að bíða og sjá hvernig trjánunum reiðir af.

Árið áður fóru fram miklar viðgerðir á félagsheimilinu en því miður varð lítið úr framkvæmdum þetta árið. Vonir eru bundnar við að meira verði úr framkvæmdum á því nýja.

Ungmennasamband Borgarfjarðar – Ársskýrsla 2013

Ekki er ástæða til að ætla annað en starf félagsins verði blómlegt á nýju ári enda ýmislegt spennandi framundan.

Nýkjörin stjórn U.M.F. Dagrenningar

Þorvaldur Ingi Árnason, formaður

Guðrún Björk Friðriksdóttir, ritari

Bjarnheiður Jónsdóttir, gjaldkeri

Ungmennafélagið Egill Skallagrímsson

Starf félagsins var með svipuðum hætti og undanfarin ár. Aðalfundur félagsins var haldinn í Félagsheimilinu Lyngbrekku í mars mánuði. Á aðalfundi voru venjuleg aðalfundarstörf en fámennt var á fundinum eins og mörg undanfarin ár. Núverandi stjórn skipa: Formaður Jóhann Pálsson, aSvandís Bára Steingrimsdóttir ritari og Einar Ole Pedersen gjaldkeri. Nefndir voru að mestu endurkosnar og nokkrar umræður urðu um ýmis mál. Sökum

veikinda formanns hefur það litla starf sem verið hefur verið sinnt af öðrum stjórnarmönnum.

Fulltrúar frá félaginu mættu á sambandsþing UMSB og einnig á formannafundi. Nokkrir félagar komu saman í júlí og tóku til á lóðinni við Lyngbrekku, tíndu rusl og fleira. Eins og skýrslan hér að ofan sýnir er ekki mikið eða fjölbreytt starf hjá félaginu en þó hefur það verið aðeins breytilegt á milli ára.

Með góðri kveðju,

f.h. stjórnar Umf. Egils Skallagrímssonar

Einar Ole Pedersen

Ungmennafélagið Íslendingur

Stjórn félagsins:

Ulla R. Pedersen, formaður

Aðalheiður Kristjánsdóttir, ritari

Sigtryggur Veigar Herbertsson, gjaldkeri

Jón Eiríkur Einarsson, stjórnarmaður

Boltaæfingar á Sverrisvelli

Boltaæfingar voru í boði fyrir börn fædd árin 2000-2007 mánudaga og miðvikudaga í 1 klst. Þjálfari var Heiðar Örn Jónsson. Þátttakan var góð og æfingar stóðu yfir fram í september.

Frjálsíþróttæfingar

Æfingar í frjálsum íþróttum voru á fimmtudögum kl. 16-17. Þjálfarar voru Lára Lárusdóttir og Svava Sjöfn Kristjánsdóttir. Þátttakan var góð og æfingar stóðu yfir fram yfir ármótið sem var haldið í lok ágúst.

Leikjanámskeið

Umf. Íslendingur stóð fyrir leikjanámskeiði á Hvanneyri í tvær vikur í júní. Umsjónarmaður var Íris Indriðadóttir íþróttakennari. Námskeiðið var með aðstöðu í grunnskólanum og nýtti aðstöðu við Sverrisvöll og í íþróttahúsi. Einnig var farið í stutta ferð og í sund. Þátttakendur voru 18 börn í 1.-5. bekk.

Hreppslaug

Hreppslaug var opin 10. júní til 11. ágúst 2013. Opnunartími var fimmtudaga og föstudaga kl. 19-23 og laugardaga og sunnudaga kl. 13-22. Gestafjöldi var um 3600 sem er svipaður og árið 2012, en þá var opnunartíminn mun lengur. Reksturinn skilaði hagnaði, þökk sé miklum styrkjum frá Skorradalshrepp, Borgarbyggð, einstaklingum og fyrirtækjum.

Jónsmessa

Jónsmessuhátíð var haldin á Mannamótsflöt. Þessi hátíðarhöld félagsins eru sennilega það sem er einna mest hefð fyrir að félagið standi fyrir. Farið er í leiki eins og reipitog, hlaupið í skarðið og spretthlaup. Vesturlandsskógar gefa tré handa nýjum félögum.

17. júní

Umf. Íslendingur hefur staðið fyrir 17. júní hátíðarhöldum á Hvanneyri síðan árið 2006. Lagt er af stað kl. 11:00 frá íþróttavellinum og gengið út í skjólbelti með fána og farið þar í leiki. Heitt kolagrill er á staðnum og getur fólk komið sjálft með á það. Góð mæting og þátttaka var eins og alltaf.

Hreppslaugarhlaup

Íþróttanefndin, í samstarfi við Elísabetu Axelsdóttur og hlaupahópin Flandra í Borgarnesi, stóð fyrir Hreppslaugarhlaupi 15. ágúst. Það voru 45 hlauparar sem tóku þátt, 14 hlupu 3 km, 15 hlupu 7 km og 16 fóru 14,2 km! Úrslitin voru send inn á hlaup.is. Verðlaunapeningur var veittur fyrir fyrsta sæti kvenna og karla 18 ára og yngri, 19-39 ára og 40 ára og eldri. Einnig voru veitt útdráttarverðlaun þannig að allir gátu átt von á vinningi.

Ármót

Þrír félagar frá Umf. Íslendingi fóru á Ármót í sundi á Varmalandi.

Ármót í frjálsum var haldið á Sverrisvelli á Hvanneyri 20. ágúst. Umf. Íslendingur hélt mótið í samstarfi við Umf. Dagrenningu, en 80 keppendur tóku þátt í mótinu sem fór fram í blíðskaparveðri. Að þessu sinni var það umf. Stafholtstungna sem fengu flest stig og vörðu því bikarinn.

Sverrismót

Sverrismótið í fótbolta var haldið í 4. sinn á Hvanneyri 22. september en mótið er haldið til minningar um Sverri Heiðar Júlíusson knattspyrnuþjálfara og Hvanneyring. Fjöldi liða tók þátt en á Sverrismóti er aðalatriðið að skemmta sér og hafa gaman.

Dósasöfnun

Dósasöfnun var fjórum sinnum á árinu og skilaði um 160.000 kr.

Unglingalandsmót

Svava Sjöfn Kristjánsdóttir tók þátt í hlaupum á unglingalandsmótinu á Höfn í Hornafirði.

Gamlársbrenna

Eins og áður stóð félagið fyrir áramótabrennu á Tungutúnsborg rétt sunnan við þéttbýlið. Brennan tókst vel til, slökkvibíll var á staðnum til öryggis.

Íþróttahúsið á Hvanneyri

Ungmennafélagið sér um úthlutun æfingátíma og eru u.þ.b. 30 klst. á viku með skipulögðum æfingum, en einnig tryggir ungmennafélagið félagsmönnum sínum aðgang að íþróttahúsi Landbúnaðarháskólans samkvæmt samningi við Lbhí frá árinu 2005. Tilgangur ungmennafélagsins var að tryggja félögum aðgang að íþróttahúsinu utan hefðbundinna æfingátíma.

Ungmennafélag Reykdæla

Kt 660269-6309

Logaland

320 Reykholt



Þorralót

Þorralót Reykdæla 2013 var haldið í Logalandi 26. janúar við góðar undirtektir og mæting með besta móti. Þar höfum við fyrir sið að vera með heimatilbúin skemmtiatriði, góðan mat og hljómsveit sem spilar fram eftir nóttu. Engin undantekning var að þessu sinni og skemmtu ungir sem aldnir sér stórvel saman.

Leikrit og leiklistarnámskeið

Leiklistarnámskeið var haldið í samvinnu við yngri deild félagsins. Þátttaka var mjög góð en Halldóra Guðjónsdóttir var leiðbeinandi á því. Í kjölfarið var farið að vinna að leikriti félagsins. Verkið Bar-Par varð fyrir valinu en það er í bland gamansamt og dramatískt verk sem Þröstur Guðbjartsson leikstýrði. Aðsókn hefði mátt vera betri og verkið stóð með naumindum undir sér eftir 5 sýningar.

Íþróttastarf

Íþróttastarfið var mjög blómlegt árið 2013 en UMF Reykdæla stendur fyrir æfingum fyrir börn 6-16 ára. Fyrri hluta vetrar voru æfingar í körfubolta hjá öllum árgöngum, sundæfingar og akido. Sumarið fór af stað af fullum krafti en boðið var upp á leikjanámskeið fyrstu þrjár vikurnar í júní ásamt körfuboltanámskeiði sem síðan var framlengt um aðrar þrjár vikur vegna mikils áhuga. Auk þess voru í boði frjálssíþrótta-, sund- og fótboltaæfingar. Um haustið fóru af stað æfingar í körfu, frjálsum og sundi ásamt íþróttaskóla sem starfræktur var í samstarfi við Grunnskóla Borgarfjarðar að því leyti að hann var í boði á skólatíma og því fengu nemendur far heim með skólabílum að æfingu lokinni. Íþróttaskólinn kom inn í staðinn fyrir frístund þegar nemendur höfðu lokið hefðbundnum skóladegi en vegna mikilla fjarlægða er einungis ein heimkeyrsla á dag við Kleppjárnsreykjadeild GBF. Starfið hefur gengið mjög vel og iðkenndum fjölgað í öllum greinum utan Akido.

17. júní

Að venju var 17. júní haldinn hátíðlegur. Riðið var til messu, þar sem sr. Geir Waage var með hugvekju en að henni lokinni var haldið í Logaland þar sem boðið var upp á hangikjöt ásamt meðlæti. Í Logalandi fór fram hátíðardagskrá með ræðu fjallkonunnar, samsöng og verðlaunaafhendingu til þeirra íþróttamanna sem hafa mætt vel á æfingar í vetur, sýnt miklar framfarir og að lokum var íþróttamaður Reykdæla krýndur sem að þessu sinni var Helgi Guðjónsson. Þá var haldið utandýra þar sem jafnt fullorðnir sem börn tóku þátt í hinum ýmsu leikjum, bæði hefðbundnum og óhefðbundnum og að sjálfsgöðu mætti karamelluflugvélin á svæðið og dreifði hlassi af karamellum til gesta.

Yngri deildin

Yngri deild Ungmennafélags Reykdæla heldur úti ýmsum viðburðum fyrir börn og unglinga 16 ára og yngri. Má þar meðal annars nefna spilakvöld, öskudagsball, diskótek, sælgætisgerð, leiklistarnámskeið og fleira

Gleðifundur

Var haldinn laugardaginn 23. nóvember og var ákveðið að breyta aðeins til að þessu sinni. Boðið var upp á hátíðarkvöldverð og glæsileg skemmtiatriði undir stjórn Gísla Einarssonar. Vel var mætt og gleðin við völd allt kvöldið.

Skógræktin

Skógræktarnefnd stóð í ströngu enda komið að grisjun í skóginum. Til þess var fenginn fagmaður sem mat hvað þyrfti að grisja og síðan þurfti að koma afsaginu niður úr skógi sem gert var með aðstoð félagsmanna. Ætlunin er að klára að grisja skóginn í vor og nýta efniviðinn til að smíða leiktæki og hugsanlega til sölu.

Skötunefnd

Hin árlega skötuveisla var að sjálfsgöðu til staðar þann 19. desember þar sem boðið var upp á kæsta skötu, saltfisk, hamsa, hnoðmör, rúgbrauð, kartöflur og rófur. Vel tókst til og allir fóru saddir og sælir frá borðum

Áramótabrenna

Var á Tíðarmelnum við Reykholt, gengið var undir harmonikkuspili frá Reykholtskirkju niður að Tíðarmel þar sem kveikt var upp í brennunni. Að vanda gladdi Björgunarsveitin Ok okkur með flugeldasýningu á brennunni.

Ungmennafélagið Skallagrímur

Stofnað 1916

Í aðalstjórn Skallagríms eru:

Sigríður Bjarnadóttir

Ívar Örn Reynisson

Kristinn Óskar Sigmundsson

Olgeir Helgi Ragnarsson

Helga J. Svavarsdóttir

Þorvaldur Kristbergsson

Badmintondeild Skallagríms

Stjórn

Formaður: Sigríður Bjarnadóttir

Ritari: Inga Dóra Halldórsdóttir

Gjaldkeri: Ebba Pálsdóttir

Þjálfari deildarinnar er Helgi Magnússon.



Starf deildarinnar hefur verið með svipuðu sniði og undanfarin ár. Þó nokkur fækkun hefur verið milli ára en á síðasta ári varð mikil aukning iðkenda. Þær breytingar sem voru gerðar á milli ára var að færa æfingar yfir á aðra daga (þri og fös) en mánudagar hafa verið heilagir badmintondagar til fjölda ára og eftir reynslu síðustu ára þá hafa föstudagsæfingar engan veginn gagnast. Ljóst verður að þetta þarf að endurskoða en helsti vandi okkar liggur í því að við deildum þjálfara með Skagamönnum og þar skipta æfingadagar líka máli.

Æfingar hjá börnum og unglingum hafa verið á þriðjudögum og föstudögum og er hópurinn nálægt 25 iðkendum.

Rekstur deildarinnar hefur gengið ágætlega en ljóst að æfingagjöld dekkja ekki nema uppb 2 mánuði í þjálfarakostnað svo það þarf að halda vel á spöðunum til að ná endum saman og hefur það tekist ágætlega. Ýmsar fjáraflanir voru í gangi á árinu, kökubasarar, hreinsunarstörf, firmakeppni, mandarínusala o.fl. Firmakeppni var haldin og voru alls 25 lið skráð til keppni frá 22 fyrirtækjum aðeins færri en árið áður. Ljómaland var sigurvegari þetta árið og þökkum við öllum fyrirtækjum fyrir stuðningurinn.

Eitt fréttabréf var gefið út þar sem hefur verið sagt frá því sem er á döfinni, fréttir af starfinu, kynning á iðkendum og fleira..

Ákveðinn kjarni hefur sótt fjölmörg mót á árinu og hefur árangur þeirra verið með ágætum.

Badmintonkona Skallagríms var valin Harpa Hilmisdóttir og hefur hún staðið sig afar vel á árinu og var m.a. valin í U17 ára landslið Íslands á árinu. Harpa varð Íslandsmeistari í U15 í einliðaleik og varð einnig Íslandsmeistari í A-flokki í einliðaleik á Meistaramóti Íslands. Nú í lok ársins 2013 er hún í 1.

Ungmennasamband Borgarfjarðar – Ársskýrsla 2013

sæti á stigalista Badmintonsambands Íslands í einliðaleik U17 og í tvíliðaleik U17 og einnig er hún í 1. sæti í tvíliðaleik í A-flokki. Harpa hefur verið að spila á meðal þeirra bestu í meistaraflokki í einliðaleik í vetur og hefur það gengið ágætlega þar sem hún situr í 7. -8. sæti.

Þá var Bjarni Guðmann Jónsson valinn til þátttöku í Nordic Camp eða sameiginlegar æfingabúðir Norðurlandanna. Sex einstaklingar voru valdir af landsliðsþjálfara í verkefnið og voru æfingabúðirnar í Noregi.



Einnig hefur Ingibjörg Rósa Jónsdóttir verið að standa sig vel og er í 6. sæti á stigalista BSÍ í einliðaleik U13 og í 3. sæti í tvenndarleik U13.

Harpa, Bjarni Guðmann og Ingibjörg Rósa voru öll valin í unglingalandsliðshóp BSÍ á árinu.

Knattspyrnudeild Skallagríms

Yfirlit yfir starf deildarinnar 2013

Starf deildarinnar var með hefðbundnum hætti á árinu 2013. Haldið var úti æfingum fyrir alla flokka karla nema annan flokk og upp í þriðja flokk kvenna. Þriðji flokkur kvenna tefldi fram sameiginlegu liði með ÍA. Aðrir flokkar léku í 7 manna bolta.

Meistaraflokkur var teflt fram að nýju og gekk liðinu nokkuð vel á árinu. Góð stemning skapaðist á heimaleikjum, töluverður fjöldi fólks mætti og umgjörðin var til fyrirmyndar fyrir 4. deild.

Yngri flokkar tóku þátt í fjölíðamótum og 3., 4., og 5. flokkarnir kepptu að auki á Íslandsmóti. Haldin voru Bónusmót, knattspyrnudagur og Skessuhornsmót. Haldið var áfram að vinna eftir handbók um fyrirmyndarfélag frá ÍSí.

Iðkendur

	Drengir	Stúlkur	
8. fl.	12		12
7. fl.	25		25
6. fl.	14	6	20
5. fl.	20	9	29
4. fl.	11	10	21
3. fl.	12	9	21
Mfl.	32		32
Old b.	13		13
Samtals	102	34	173

Fjöldi æfinga 2013

Vor	Fj. æfinga	Sumar	Fj. æfinga	Haust	Fj. æfinga	Samtals.
8	1	8	2	8	1	56
7	2	7	3	7	2	100
6. kk	2	6	4	6	2	112
6. kvk	2	6	4	6	2	112
5. kk	3	5	4	5	3	144
5. kvk	3	5	4	5	3	144
4. kk	3	4	4	4	3	144
4. kvk	3	4	4	4	3	144
3. kk	3	3	4	3	3	144
3. kvk	3	3	4	3	3	144
Mfl					3	48
Samtals						1292

Menntun og reynsla leiðbeinenda

Einar Eyjólfsson þjálfaði meistaraflokk og þriðja flokk til vors. Hann er með KSÍ VI og er að ljúka KSÍ VII sem gefur rétt til að taka UEFA-a próf. Einar er einnig íþróttakennari að mennt.

Sölvi G. Gylfason þjálfaði 4.-6. flokk karla og kvenna yfir veturinn, 4. - 6. flokk kvenna og 5. flokk karla yfir sumarið og 4. og 5. flokk karla frá september. Hann tók KSÍ I, II og III að hausti.

Arnar Helgi Jónsson þjálfaði 4. og 6. flokk karla og blandaðan 7. flokk frá maí-ágúst. Hann er íþróttakennari að mennt og hefur tekið KSÍ I og II.

Leifur Guðjónsson þjálfaði 3. flokk karla og kvenna frá júní – ágúst. Hann tók KSÍ I, II og III að hausti.

Markmið með starfinu

Knattspyrnuþjálfun barna og unglinga hefur eftirfarandi markmið og leiðir:

a) 6-8 ára og yngri

- Að auka hreyfiproska
- Fyrstu kynni af knattspyrnu verði jákvæð
- Æfingar séu fjölbættar og stuðli að bættum hreyfiproska. Hér er átt við æfingar sem örva hinar ýmsu skynstöðvar og unnið sé með grófhreyfingar og fínhreyfingar.
- Þjálfun fari fram í leikformi
- Æfingar séu skemmtilegar
- Iðkendur öðlist leikreynslu og venjist boltanum
- Iðkendur fái notið fjölbreyttra æfinga þar sem samspil hreyfinga (samhæfing) situr í fyrirrúmi

b) 9 til 10 ára

- Aðaláhersla lögð á þjálfun tæknilegrar færni
- Kynna einföld leikfræðileg atriði
- Þjálfun feli í sér þol, kraft og teygjuæfingar
- Að vekja knattspyrnuáhuga fyrir lífstíð
- Æfingar séu fjölbættar og skemmtilegar
- Háttvísi og íþróttamannsleg framkoma séu kennd
- Öll börn fái tækifæri til æfinga og keppni miðað við þroska og getu
- Lögð er áhersla á knattækni, knattrak og sendingar
- Þjálfun í undirstöðuatriðum liðssamvinnu hefst
- Þjálfun í leikskipulagi hefst
- Áhersla á friðlaup, staðsetningar, samleik, návígi og einleik eykst

c) 11 til 12 ára

- Aðaláhersla lögð á þjálfun tæknilegrar færni
- Kynna einföld leikfræðileg atriði
- Þjálfun feli í sér þol, kraft og teygjuæfingar
- Að vekja knattspyrnuáhuga fyrir lífstíð
- Að finna sérúthættar og skemmtilegar
- Háttvísi og íþróttamannsleg framkoma sé kennd
- Öll börn fái tækifæri til æfinga og keppni miðað við þroska og getu
- Kynna þá möguleika sem bjóðast þeim sem vilja iðka knattspyrnu sem líkamsrækt og vegna félagsskaparins
- Sérhæfing hefjist
- Fræðsla um heilbrigðan lífsstíl hefjist
- Allir unglingar fái tækifæri til æfinga og keppni miðað við þroska og getu.

d) 13-14 ára

- Þjálfun byggist meira en áður á þoli, krafti og hraðaæfingum ásamt liðleikabjálfun.
- Viðhalda og bæta áður lærða tæknilega færni
- Auka skilning á leikfræðilegum atriðum
- Skapa félagslega jákvæðar aðstæður og umhverfi með knattspyrnustarfinu.
- Sérstök áhersla sé lögð á að skapa unglingnum félagslega góðar aðstæður innan félagsins. Til þess skulu öll tækifæri sem bjóðast til hópþátttöku, hópferða og félagslegra athafna innan vallar sem utan nýtt til hins ítrasta.
- Kynna keppnis og afreksíþróttamennsku og þann hugsunarhátt sem nauðsynlegur er til að árangur náist
- Lögð er áhersla á undirstöðuatriði liðssamvinnu, svo sem fríhlaup, aðstoð, staðsetningar, samleik og návígi.
- Farið er dýpra í leikfræðileg atriði svo sem stöðuskiptingar og varnarleik.
- Aukin áhersla er lögð á þrekþjálfun þar sem unnið er með eigin líkamsþunga.
- Aukin áhersla er lögð á almenna þrekþjálfun.

e) 15-16 ára

- Þjálfun byggist meira en áður á þoli, krafti og hraðaæfingum ásamt liðleikabjálfun.
- Viðhalda og bæta áður lærða tæknilega færni
- Auka skilning á leikfræðilegum atriðum
- Skapa félagslega jákvæðar aðstæður og umhverfi með knattspyrnustarfinu.
- Sérstök áhersla sé lögð á að skapa unglingnum félagslega góðar aðstæður innan félagsins. Til þess skulu öll tækifæri sem bjóðast til hópþátttöku, hópferða og félagslegra athafna innan vallar sem utan nýtt til hins ítrasta.
- Kynna keppnis og afreksíþróttamennsku og þann hugsunarhátt sem nauðsynlegur er til að árangur náist

Fjárhagsáætlun fyrir 2014

Tekjur	Yngri flokkar		Eldriflokkar
	Áætlun		
Framlög og styrkir	6.250.000	3.716.250	2.533.750
Tekjur af mótum	950.000	807.500	142.500
Auglýsingatekjur / styrkir	1.000.000	850.000	150.000
Húsa- og vallarleigutekjur	-	-	-
Æfingagjöld	3.900.000	3.900.000	-
Aðrar tekjur	3.900.000	1.170.000	2.730.000
Samtals tekjur	16.000.000	10.443.750	5.556.250

65,27%

Gjöld	Yngri flokkar		Eldriflokkar
	Áætlun		
Þjálfun og kennsla	11.383.750	8.586.250	2.797.500
Íþróttatengdur kostnaður	1.550.000	649.500	900.500
Rekstur mannvirkja	-	-	-
Annar rekstrarkostnaður	760.000	661.000	99.000
Ýmis kostnaður	2.000.000	510.000	1.490.000
Samtals gjöld	15.693.750	10.406.750	5.287.000
Fjármagnsliðir			
Vaxtatekjur	150.000	127.500	22.500
Vaxtagjöld	25.000	21.250	3.750
Fjármagnsliðir samtals	125.000	106.250	18.750
Hagnaður/tap	431.250	143.250	288.000

Áætlun og umfang starfsins og helstu verkefni 2014

Eftirfarandi yngri flokkar verða starfræktir á árinu: 4.-8. flokkur karla og 5.-8. flokkur kvenna. Teflt verður fram liði í meistaraflokki karla sem tekur þátt í Lengjubikar, Borgunarbikar og Íslandsmóti í 4. deild. Iðkendafjöldi hefur minnkað nokkuð en deildin er í upphafi árs að hefja aðgerðaráætlun um fjölgun iðkenda í yngri flokkunum. Áætlað er að 4. og 5. flokkur karla taki þátt í Íslandsmóti og 5. flokkur einnig í fjölliðamótum. Yngri flokkar karla og kvenna taka þátt í fjölliðamótum.

Stjórn Knattspyrnudeildar er þannig skipuð:

Ívar Örn Reynisson Formaður
Hilmar Már Arason Gjaldkeri
Hrafnhildur Tryggvadóttir
Anna Dóra Águstsdóttir
Jón Arnar Sigurþórsson
Haukur Þórðarson
Hjalti Rósinkrans Benediktsson
Arnar Víðir Jónsson

Körfuknattleiksdeild Skallagríms

Stjórn körfuknattleiksdeildar var þannig skipuð að loknum aðalfundi vorið 2013

Formaður var Björn Bjarki Þorsteinsson, Eðvar Ólafur Traustason gjaldkeri, Ingi Tryggvason ritari. Meðstjórnendur Kristinn Sigmundsson, Bjarni Guðmundsson og Einar Árni Pálsson. Í ársbyrjun 2014 höfðu Bjarki og Kristinn Sigmundsson hlutverkaskipti og er nú Kristinn Sigmundsson formaður körfuknattleiksdeildar Skallagríms.

Yngri flokkar

Finnur Jónsson verkefnastjóri yngriflokkastarfsins hafði yfirumsjón með yngri flokka starfi í samstarfi við stjórn og þjálfara.

Inngangur

Stjórn körfuknattleiksdeildarinnar hefur einsett sér að halda rekstri deildarinnar í jafnvægi en jafnframt efla starfsemina og fjölga iðkendum. Stjórn körfuknattleiksdeildar Skallagríms er mjög einhuga í sínum störfum og metnaður fyrir því að halda áfram að byggja markvisst upp yngri flokkana undir öruggri handleiðslu hæfra þjálfara ásamt því að eiga m.fl. í fremstu röð á landsvísu. Gæta þarf fyllsta aðhalds í öllum rekstri deildarinnar. Varðandi kvennalið í m.fl. þá náðist ekki þátttaka á yfirstandandi keppnistímabili og því var liðið dregið úr keppni áður en keppnistímabilið hófst, markmiðið er þó áfram að hlúa að kvennastarfinu og hlúa að yngri flokkum stelpna.

Þó unnið sé þrotlaust starf af hálfu stjórnar og áhugasamra aðila til að láta enda ná saman, verður körfuknattleiksdeildin eftir sem áður að treysta á velvilja og fjárframlög frá fyrirtækjum, stofnunum og einstaklingum. Ekki má þó mikið út af bera í rekstri deildarinnar og mikilvægt að njóta áfram stuðnings sveitarfélagsins og fyrirtækja. Án þess stuðnings er rekstur íþróttafélaga ekki mögulegur.

Hér á eftir fylgir greinargerð um starf síðasta árs og markmið næsta tímabils.

Innan körfuknattleiksdeildarinnar starfar fjöldi manns bæði við leik og störf. Um er að ræða áhugamannasamtök þar sem unnið er í sjálfböðavinnu. Frá tímabilinu 2009-2010 hefur iðkendum fjölgað mikið og eru iðkendur nú 190. Þetta viljum við þakka metnaðarfullum áherslum í starfsemi deildarinnar og ráðningu yfirþjálfara yngriflokka sem heldur utanum og samræmir allt starf yngriflokka deildarinnar.

Yngri flokkar

Eins og oft hefur komið fram þá hefur körfuknattleiksíþróttin borið orðspor sveitarfélagsins víða. Góður árangur Skallagríms hefur vakið athygli og sveitarfélagið fengið mikla umfjöllun í fjölmiðlum vegna þess.

Ungmennasamband Borgarfjarðar – Ársskýrsla 2013

Í vetur hefur Skallagrímur verið með flokka í yngri deildum á Íslandsmóti og unga fólkið staðið sig gríðarlega vel. Það hefur verið stjórn mikið áhyggjuefni hversu fáar stúlkur skila sér úr hverjum árgangi í íþróttagreinina en mikill meirihluti iðkenda er drengir og viljum við leggja kapp á að fá til liðs við okkur fleiri stúlkur í körfuboltann.

Nokkuð hefur verið um sameiginleg lið með öðrum félögum í kringum okkur, en það höfum við gert til að hagræða tímum í íþróttahúsinu okkar sem er fyrir löngu orðið of lítið og yfirbókað.

Mikið er um keppnisferðir og mótahald hjá svona stórum hópi iðkenda og hafa verið mót nánast allar helgar frá upphafið keppnistímabilsins hjá einhverjum aldurshópi og gaman að sjá hversu margir eru tilbúnir að leggja fram starfskrafta sína svo allt gangi upp bæði við ferðalög og skipulagningu móta hér heima.

Stjórn deildarinnar hefur eins og áður segir lagt mikið kapp á uppbyggingarstarf og eflingu yngri flokka og mun áfram leggja mikla áherslu á að auka fagmennsku í yngriflokkastarfinu auk þess að halda áfram að fjölga iðkendum eins og kostur er. Í ljósi þeirrar stefnu þá má geta þess að yfirþjálfari yngriflokka og þjálfari mfl. kk sóttu báðir þjálfaranámskeið á tímabilinu og eru duglegir að fylgjast með þróun á þessum vettvangi. Þess má geta að þáttökugjöld í Íslandsmótum eru greidd af körfuknattleiksdeildinni.

Verkefnisstjóri vann metnaðarfullt starf varðandi handbók fyrir þjálfara, iðkendur og forráðamenn varðandi markmið með þjálfun deildarinnar og þau viðmið sem þjálfarar skulu vinna að miðað við aldur iðkenda oger það skjal aðgengilegt á heimsíðu deildarinnar.

Jafnréttismál

Mikil áhersla hefur jafnan verið lögð á jafnréttismál í körfuknattleiksdeild og liðum karla og kvenna gert jafn hátt undir höfði þegar bæði lið hafa verið skráð í Íslandsmót. Gætt hefur verið jafnræðis varðandi auglýsingar fyrir leiki meistaraflokka, aðgangssölu á leiki og umfjöllun á heimasíðu Skallagríms. Eins og fyrr sagði er það engu að síður áhyggjuefni hve illa gengur að fá stúlkur til að iðka íþróttina.

Fjármál/fjárafilanir

Körfuknattleiksdeildin hefur haft mestar tekjur sínar af auglýsingasamningum við fyrirtæki og sölu aðgangsmiða og ársmiða á leiki mfl. karla. Auk þess hefur verið fitjað uppá ýmsum nýjungum í starfi deildarinnar til fjáröflunar og fjölbreytni. Má þar nefna Borgarnesblót sem er í umsjón sérstakrar þorablótsnefndar en nefndin skipleggur og undirbýr þorablótið með stjórn en leikmenn meistaraflokkanna starfa á blótinu sjálfu. Þorablót var fyrst haldið í febrúar 2009 og hefur verið árlega síðan og verður vonandi áfram. Var það mikil upplýfting fyrir skemmtanalíf Borgnesinga og tekjuöflun fyrir deildina.

Sumarið 2009 hóf deildin söfnun á notuðum munum sem síðan voru seldir á nytjamarkaði sem haldinn var í Skallagrímssgarði samhliða Brákarhátíð. Nytjamarkaðurinn var svo fluttur í gamla sláturhúsið í Brákarey og hefur þar verið opið flesta laugardaga síðan í júní 2009. Það eru ötulir

bakhjarlar körfunnar, ásamt stuðningsmönnum og foreldrum sem sjá um alla vinnu í tengslum viðmarkaðinn. Nytjamarkaðurinn hefur mælst vel fyrir og er orðinn þekktur á meðal heimamanna og ekki síður ferðafólks. Má því segja að deildin hafi aukið við afþreyingu fyrir ferðamenn á svæðinu, auk þess sem sala af markaðnum rennur öll til reksturs deildarinnar. Ótrúlega vel hefur gengið að fá muni gefna á markaðinn og kann fólk vel að meta þá nýtni sem kemur fram með rekstri slíks markaðar.

Meðal helstu fjáraflana/verkefna sem körfuknattleiksdeild hefur staðið fyrir:

Porrablót – frá febrúar 2009 og árlega síðan.

Nytjamarkaður – Opinn flesta laugardaga frá júnílokum 2009. Stjórn og foreldrar í afgreiðslu.

Heimilisvörur sala – frá 2009 gengið í hús og selt og síðar í fyrirtæki og á nytjamarkaði. Ásamt ýmsu öðru sem sem boðið er uppá.

Ársreikningar deildarinnar fyrir undangengin rekstrarár sýna að það er mun umfangsmeiri rekstur þegar félagið á úrvalsdeildarlið í karlaflokki, en sá rekstur er mun kostnaðarsamari en rekstur 1. Deildarliðs. Rekstur deildarinnar er nálægt því að vera í jafnvægi, þökk sé miklu og óeigingjörnu starfi stuðningsfólks og góðum stuðningi fyrirtækja.

Fjármál körfuknattleiksdeildar Skallagríms

Áherslur næsta tímabils

Fjármál yngri flokka og meistaraflokka verða aðskilin.

Yngri flokka ráð heldur utanum starfsemi yngri flokka, fjármál og mótahald.

Meistaraflokksráð heldur utanum starfsemi meistaraflokka karla, fjármál og mótahald.

Stjórn körfuknattleiksdeildar í heild sinni heldur utan um sameiginleg verkefni deildarinnar, faglegar áherslur, sameiginleg fjármál deildarinnar og sérstakar fjáraflanir.

Áhersla verður lögð á að halda rekstri í jafnvægi og efla yngri flokka á árinu.

Hófs verður gætt í öllum rekstri og langtíamarkmið skoðuð reglulega.

Faglegt starf körfuknattleiksdeildar Skallagríms

Yngri flokkar.

Yngri flokka starf deildarinnar var öflugt eins og mörg undanfarin ár, þó er mismunandi hversu margir einstaklingar skila sér til æfinga úr einstaka árgöngum en aukning hefur orðið milli ára og eru nú um 190 iðkendur á öllum aldri og báðum kynjum að æfa körfubolta hjá deildinni. Stefnt er að því að fjölga iðkendum áfram á næsta tímabili en þó ber að nefna að takmarkaður tími í íþróttasal er töluverð hindrun í yngriflokkastarfi deildarinnar.

Ungmennasamband Borgarfjarðar – Ársskýrsla 2013

Faglegar áherslur næsta tímabils:

Höldum áfram með starf yfirþjálfara yngri flokka. Heldur hann utan um aukaæfingar í sumar fyrir þá sem vilja og undirbúning næsta tímabils.

Foreldrahandbók kynnt fyrir iðkendum og foreldrum.

Lögð verður áhersla á þjálfaramenntun og þjálfarar studdir til þess að sækja þjálfaranámskeið.

Markmið deildarinnar er að skrá sem flesta yngri flokka í mót næsta haust.

Gjaldskrá verður stillt í hóf. Veittur er systkinaafsláttur, 50% fyrir annað systkini þriðja gjaldfrítt.

Að körfuknattleiksdeild Skallagríms verði til fyrirmyndar hvað varðar faglegt starf, rekstur og þjálfaramál yngri flokka.

Að öll framganga yngri flokka körfuknattleiksdeildar Skallagríms verði til fyrirmyndar innan vallar sem utan.

Meistaraflokkar.

Meistaraflokkur karla leikur í úrvalsdeild og er nú í harðri baráttu um að halda sæti sínu í úrvalsdeild. Mfl. karla er eins og árið áður með ungt lið ásamt nokkrum reynsluboltum, en þjálfari karlaliðsins er áfram Pálmi Sævarsson og honum til aðstoðar eru Finnur Jónsson og Páll Axel Vilbergsson. Meistaraflokkur kvenna, eins og áður hefur komið fram, er ekki með í Íslandsmóti núna.

Faglegar áherslur næsta tímabils:

Að utanumhald æfinga og leikja verði gert fagmannlega og með sóma.

Að halda vel utan um leikmenn meistaraflokkana innan vallar sem utan.

Að mfl. karla og kvenna verði samkeppnishæf í sínum deildum.

Að efla áhuga almennings á íþróttinni.

Að leikmenn meistaraflokka körfuknattleiksdeildar Skallagríms verði til fyrirmyndar innan vallar sem utan.

Að lokum vill undirritaður þakka öllu því góða fólki sem að starfi körfuknattleiksdeildar Skallagríms hefur komið. Á þá jafnt við um stjórnarfólk, starfsmenn í kringum leiki og mót og alla þá sem að fjáröflunum og öðru starfi hafa komið.

Borgarnesi 31. janúar 2014

f.h. stjórnar körfuknattleiksdeildar Skallagríms

Kristinn Ó Sigmundsson

formaður

Ungmennasamband Borgarfjarðar – Ársskýrsla 2013

Leikdeild Skallagríms

Stjórn leikdeildar umf. Skallagríms

Formaður: Olgeir Helgi Ragnarsson

Ritari: Erla Reynisdóttir

Gjaldkeri: Gunnlaug S Gunnlaugsdóttir

Meðstjórnendur: Jónas Þorkelsson og Jón Guðlaugur Guðbrandsson

Árið 2013 byrjaði á lokaæfingum á leikverkinu Nanna Systir eftir Kjartan Ragnarsson og Einar Kárasen sem við frumsýndum 11. janúar 2013 í Lyngbrekku. Í Nönnu Systir vorum við alls 10 leikarar og álíka margir aðrir sem komu að verkinu með einum eða öðrum hætti. Leikstjóri var Rúnar Guðbrandsson, en þetta var í sjötta skipti sem hann leikstýrir leikdeild Skallagríms. Alls voru 10 sýningar sem voru misjafnlega vel sóttar.

Aðalfundur leikdeildarinnar var haldinn í Lyngbrekku 17. janúar 2013, en þar fóru fram almenn fundarstörf ásamt kosningu stjórnar.

Í júní fengum við boð um að leika í auglýsingaherferð N1 og nýttum við það tækifæri. Auglýsingarnar voru sýndar síðastliðið sumar.

Einnig sendum við tvo leikara til að leika Sögu og Jökul.

Saga og Jökull á Vesturlandi er svokallað Gáttaverkefni sem er tveggja ára vöruþróunarverkefni í menningartengdri ferðaþjónustu.

Í desember skelltum við okkur í jólasveinabúningana og litum inn á jólaball hjá Dvalarheimili aldraðra Brákarhlíð.

Í byrjum desember var fyrsti samlestur á verkinu Stöngin Inn eftir Guðmund Ólafsson. Stöngin Inn var valið athyglisverðasta áhugamannaleiksýning árið 2013 og hvetjum við alla að koma í Lyngbrekku í mars 2014 og sjá þetta stórskemmtilega verk.

F.h. Leikdeildar Umf. Skallagríms

Gunnlaug S. Gunnlaugsdóttir, gjaldkeri

Sunddeild Skallagríms

Stjórn Sunddeildar Skallagríms er skipuð Helgu J. Svavarsdóttur formanni, Stefaniu Nindel gjaldkera, Írisi Björgu Sigmarsdóttur ritara, Heiði Hörn Hjartardóttur og Gestí A. Grjetarssyni meðstjórnendum og Önnu Baldrúnu Garðarsdóttur varamanni. Þessi stjórn tók við á haustmánuðum en þá gengu Jón Ásgeir Sigurvinsson formaður, Anna Sigríður Hannesdóttir ritari og Margrét Guðrún Ásbjörnsdóttir meðstjórnandi úr stjórn.

Þjálfarar vorannar voru: Þórkátla Dagný Þórarinsdóttir þjálfaði Höfrunga, Íris Indriðadóttir þjálfaði Seli og Helga J. Svavarsdóttir þjálfaði Kópa. Aðstoðarþjálfari var Klara Ósk Kristinsdóttir. Þjálfarar haustannar voru: Heiðrún Ýr Vilmundardóttir þjálfaði Höfrunga, Seli og Kópa og Rakel Ösp Björnsdóttir þjálfaði Fjörfiska og Gullfiska. Aðstoðarþjálfari í yngri hópum var Filippía Svava Gautadóttir.

Ungmennasamband Borgarfjarðar – Ársskýrsla 2013

Auk héraðsmóta UMSB tóku keppendur frá Skallagrími þátt í Gullmóti KR í Laugardalslaug 8.-10. febrúar, Landsbankamóti ÍRB 10. – 12. maí, þar sem gist var í Reykjanesbæ og Unglingamóti Fjöltnis 7.-8. desember.

Páskasund var haldið fyrir páskana með þátttakendum allra hópa en það er m.a. sundsýning fyrir foreldra og fengu iðkendur páskaegg að þátttöku lokinni. Kertasund var síðan haldið í desember þar sem krakkarnir fá að synda um með kerti sem var reyndar erfitt í framkvæmd í útilauginni en góð stemning þrátt fyrir það. Foreldrum var boðið að koma og horfa á og fá smákökur og kaffi og boðið upp á Svala fyrir börnin.

Sundæfingar hófust af fullum krafti í september í öllum flokkum og var mikil fjölgun yngri iðkenda. Skipta þurfti yngstu sundmönnum í nokkra hópa vegna fjölda og bættust við Gullfiskar og Fjörðfiskar. Lokun innisundlaugarinnar í byrjun nóvember hafði óneitanlega mikil áhrif á starfið. Sundæfingar héldu áfram úti en margir treystu yngstu sundmönnum ekki í að synda úti auk þess sem kalt var í veðri og vandræði með hitun laugarinnar. Iðkendum fækkaði því um 50% í lok ársins en það glæðist vonandi aftur þegar innilaugin opnar að nýju.

Lionsmót sunddeildar Skallagríms, var haldið í október og var að þessu sinni eins dags mót. Það heppnaðist mjög vel og komu um 80 sundmenn frá ýmsum liðum. Lionsmótið er ein af stærri fjáröflunarleiðum sunddeildarinnar en nú er óvíst um framtíð þess þar sem búið er að fjarlægja alla aðstöðu fyrir áhorfendur í innisundlauginni.

Farið var í æfingabúðir til Bolungarvíkur 15. – 17. nóvember með sundmenn 10 ára og eldri. Æfingabúðirnar eru liður í samstarfi við UMFG í Grindavík og UMFB á Bolungarvík. Góð þátttaka var í æfingabúðunum og skemmtileg stemmning. Farið á 4 bílum vestur 10 sundmenn og 7 foreldrar. Á vormánuðum er stefnt á að fara til Grindavíkur og bjóða síðan hinum liðunum í Borgarfjörðinn.

Fjáröflun hjá sunddeildinni samanstóð af lakkríssölu í Skallagrímssgarði á Sauðamessu og árlegri friðarkertasölu fyrir jólin en sú fjáröflun er til styrktar Hjálparstofnun kirkjunnar og fær deildin hluta sölutekna.

Stjórn sunddeildar Skallagríms þakkar öllum fyrir gott samstarf á árinu 2013, sérstaklega sundfólkinu okkar, þjálfurum og foreldrum.

F.h. stjórnar sunddeildar Skallagríms
Helga J. Svavarsdóttir formaður

Ungmennafélag Stafholtstungna

Aðalfundur: Aðalfundur félagsins var haldinn 20. febrúar og er núverandi stjórnarskipan þannig að Agnes Guðmundsdóttir er formaður, Sæunn Sverrisdóttir gjaldkeri og Kristín Kristjánsdóttir ritari. Stjórnarfundir voru 7 talsins síðasta ár, auk símtala og tölvusamskipta.

Nýársbrenna: Hin árlega nýársbrenna var haldin 2. janúar við félagsheimilið Þinghamar. Hún er haldin í samvinnu við björgunarsveitina Heiðar sem sá um flugeldasýningu fyrir félagið og kvenfélag Stafholtstungna sem stóð fyrir félagsvist seinna um kvöldið.

Sambandsþing: Sambandsþing UMSB var í ár haldið í Þinghamri og var í okkar umsjá. Þar komu öflugir félagar meðal annars að veitingum og öðrum störfum.

Íþróttaæfingar: Engar æfingar voru á fyrstu mánuðum ársins vegna annarra mála sem upp komu hjá félaginu en yfir sumartímenn voru æfingar sem fyrr. Frjálsíþróttaæfingar voru 1x í viku og um þjálfun þar sá Unnur Jónsdóttir. Knattspyrnuæfingar voru einnig 1x í viku og sá Jóhannes Magnússon um þær. Æfingar sumarsins voru vel sóttar og enduðu með gríni, glensi og þátttöku foreldra að venju. Æfingar í frjálsum hófust svo aftur 2x í viku eftir réttir og sáu Unnur Jónsdóttir og Þorbjörg Saga Ásgeirsdóttir um þær. Krakkarnir tóku þátt í nokkrum mótum innan héraðs sem utan og má þar til dæmis nefna að Haukur Birgisson varð landsmótsmeistari í hástökki 15 ára sveina á Unglingalandsmótinu sem þetta árið var haldið á Höfn.



Hlaup: 17. júní hlaupið, 600 m hlaup 12 ára og yngri, var haldið þann 31. maí á Varmalandi. Hlaupið er samstarfsverkefni félagsins og íþróttakennara skólans, haldið síðasta skóladaginn, og var sigurvegari að þessu sinni Stefán Jóhann Brynjólfsson.

Sund: Í ár var Ármótið í sundi í okkar umsjá og var það haldið 2. júlí í Varmalandslaug. Keppendur komu frá Reykdælum, Íslendingi og Stafholtstungum og sigruðu Reykdælir stigakeppnina að þessu sinni með yfirburðum. Eftir mótið var grillveisla í boði félagsins og gekk vel að finna félagsmenn til að aðstoða við mótshald og fleira tilfallandi.

Göngustígar: Í sumar var ráðist í stórt verkefni með SEEDS samtökunum en það eru samtök sem vinna með sjálfbærni vísuð vegar að úr heiminum á aldrinum 20 til 25 ára og aðstoða við verkefni hringinn í kringum landið. Til okkar komu 7 sjálfbærniðar með það að markmiði að aðstoða okkur.



Þau voru hér í 2 vikur í júlí og höfðu aðsetur á Varmalandi. Unnu þau að endurbótum á göngustígum á félagssvæðinu með því að klippa og saga trjágreinar en einnig merktu þau gönguleiðir. Við sáum þeim fyrir fæði og afþreyingu en þau elduðu sjálf. Farið var með sjálfboðana í skoðunarferðir um okkar fallega Borgarfjörð, þau skoðuðu Deildartunguhver, Reykholt, Barnafoss, Húsafell, stigu á Langjökull, í Surtshelli, Paradísarlaut og á Grábrók. Farið var á hestbak og á sveitabæ en einnig ekið hring um Snæfellsnes. Þetta vorum mjög dugleg ungmennti, en verkefni sem þetta þarfnast vinnu og skipulagningar og komu margir ungmennafélagar að þessu verkefni. Hvort sem var við vinnu með þeim við lagfæringar á göngustígnum, uppihald, afþreyingu og margt fleira. Sjálfboðaliðarnir voru að vonum ánægð með dvölinu og móttökurnar.



Fjáröflun: Dósaöfnun hefur til margra ára verið helsta fjáröflunarleið ungmennafélagsins. Dósagámar merktir félaginu eru í sumarbústaðahverfum og á félagssvæðinu en tæma þarf gámana aðra hverja viku yfir sumartímann og fylgjast með þeim að vetri til en nokkrar lagfæringar og endurbætur voru gerðar á gámunum í ár. Mikilvægt er að skipulega sé unnið að losun gámana og í ár, sem fyrr, stóðu ungmennafélagar sig vel í að manna verkin, ávallt reiðubúnir.

Leikdeild: Stjórn leikdeildarinnar ákvað um miðjan október að boða til almenns félagsfundar til að sjá hvort áhugi væri hjá fólki að koma leikdeildinni af stað aftur eftir 7 ár í dvala. Mæting á þann fund var það góð, að ákveðið var að hefja leikinn á nýjan leik. Formaðurinn, Ásgeir Ásgeirsson, hafði samband við Þröst Guðbjartsson leikstjóra, og ákveðið var að hittast aftur í nóvember byrjun. Enn var góð mæting og var ákveðið að setja upp barna- og fjölskylduleikritið „Allt í plati“ eftir Þröst leikstjóra. Skipulagið með æfingarnar var þannig, að æft var í nóvember og fram í byrjun desember. Tekið svo frí fram í janúar og frumsýnt seinnipartinn í janúar 2014.

Ungmennasamband Borgarfjarðar – Ársskýrsla 2013

Áætlunin stóðst og vel það. 13 leikarar koma fram í sýningunni á aldrinum 13 til 60 ára, svo það er ansi breiður aldurshópur sem er vel. Af þessum 13 eru 10 að stíga sín fyrstu skref hjá leikdeildinni, aðeins 3 gamlir hundar með. Alls munu um 25 til 30 manns koma að sýningunni á einn eða annan hátt. Er það von mín að þetta sé upphafið að blómlegri tíð hjá leikdeildinni.

F.h. leikdeildar

Ásgeir Ásgeirsson

Að lokum vil ég þakka öllum félagsmönnum og velunnurum félagsins óeigingjarnt starf í þágu þess. Án þeirra væri erfitt að halda félagi sem þessu virku.



F.h. stjórnar

Agnes Guðmundsdóttir

Ungmenna- og íþróttafélag Hvalfjarðarsveitar,

Fimmti aðalfundur Ungmenna- og íþróttafélags Hvalfjarðarsveitar var haldinn þann 23. mars 2013 á Bjartheyjarsandi. Á fundinum var kosin stjórn, fjórir stjórnarmenn og báðir varamennirnir, gáfu kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Guðmundur Sigurjónsson gaf ekki kost á sér áfram og kom Heiðmar Eyjólfsson nýr inn í stjórn í hans stað. Stjórn skipti með sér verkum:

Þórdís Þórisdóttir, formaður

Lára Ottesen, gjaldkeri

Brynjólfur Sæmundsson, ritari

Heiðmar Eyjólfsson, stjórnarmaður

Þorleifur Baldvinsson, stjórnarmaður

Ungmennasamband Borgarfjarðar – Ársskýrsla 2013

Á árinu voru þessir viðburðir í boði á vegum félagsins:

Í maí var haldið sundnámskeið fyrir 4-7 ára gömul börn. Mjög góð þátttaka var á námskeiðinu sem Hildur Karen Aðalsteinsdóttir sá um. Námskeiðið var sex skipti yfir þriggja vikna tímabil.

Ungmenna- og íþróttafélag Hvalfjarðarsveitar sá um framkvæmd Kvennahlaups ÍSÍ í Hvalfjarðarsveit. Hlaupið var þann 8. júní og var boðið upp á tvær vegalengdir 3 og 5 km. Hlaupið var frá stjórnsýsluhúsi og að Laxárbakka. Mjög góð þátttaka var í hlaupinu og voru þátttakendur um 35 að þessu sinni.

Frá janúar fram í apríl og frá september fram í nóvember var Helga Harðardóttir, íþróttakennari með leikfiminámskeið í íþróttasalnum og sóttu um 20 konur tímana hjá henni.

Formaður sat í framtíðarnefnd UMSB sem skilaði tillögum sínum á sambandsþing UMSB sl. vor.

Formaður sat tvo formannafundi UMSB og var fulltrúi ungmenna- og íþróttafélags Hvalfjarðarsveitar á sambandsþingi UMSB.

Þórdís Þórisdóttir
formaður

Íþróttamaður Borgarfjarðar 2013

Úrslit og upplýsingar um kjör íþróttamanns Borgarfjarðar.

28 kjörseðlar voru sendir út og 21 skiluðu sér, sem hafa 50% vægi.

17 aðildarfélög, 6 deildir Skallagríms og 5 stjórnarmenn UMSB voru með atkvæðisrétt.

Valnefnd sem hefur 50% vægi í kjörinu var þannig skipuð:

Íris Grönfeldt- tilnefnd af Borgarbyggð

Sigurður Örn Sigurðsson- tilnefndur af stjórn UMSB

Þórdís Arnardóttir- tilnefnd á formannafundi UMSB í október 2013

Tilnefningar í stafrófsröð

Atli Steinar Ingason- Hestamannafélagið Skuggi

Bjarki Pétursson- Golfklúbbur Borgarness

Brynjar Björnsson og Perla Steingrímsdóttir- DÍB

Brynjar Björnsson- UMF.Íslendingur

Egill Egilsson- Körfuknattleiksdeild Skallagríms

Friðný Fjóra Jónsdóttir- Tilnefnd af almenningi

Harpa Hilmisdóttir- Badmintondeild Skallagríms

Haukur Birgisson- UMF.Stafholtstungna

Helgi Guðjónsson- UMF.Reykdælir

Konráð Valur Sveinsson- Hestamannafélagið Faxi

Orri Jónsson- UMF.Dagrenning

Tinna Kristín Finnbogadóttir- Tilnefnd af almenningi

Viktor Ingi Jakobsson- Knattspyrnudeild Skallagríms

Úrslit	Sæti
Konráð Valur Sveinsson	1
Helgi Guðjónsson	2
Bjarki Pétursson	3
Harpa Hilmisdóttir	4
Brynjar Björnsson	5

Önnur verðlaun og viðurkenningar

Viðurkenningar fyrir þá sem voru Íslandsmeistarar í fyrsta skipti á árinu 2013:

Benjamín Karl Styrmisson og Birgitta Björnsdóttir frá DÍB urðu Íslandsmeistarar í gömlu dönsunum í flokki unglunga.

Jóhann Páll Oddsson og Rakel Eir Erlingsdóttir frá DÍB urðu Íslandsmeistarar í samkvæmisdönsum í flokki IA.

Viðurkenning fyrir að vera valinn í landslið í fyrsta skipti á árinu 2013:

Konráð Valur Sveinsson hestamaður frá Hestamannafélaginu Faxe

Helgi Guðjónsson íþróttamaður frá UMF. Reykdælum

Marabonbikarinn sem veittur er fyrir besta tíma félagsmanna innan UMSB í marabonhlaupi á árinu 2013:

Stefán Gíslason hljóp marabon á tímanum 3:08:19 í Reykjavíkumraboninu, en aðeins tveir Íslendingar á aldrinum 55-59 ára hafa náð betri tíma frá upphafi, auk þess sem hann var þriðji í kjöri hlaup.is á langhlaupara ársins. Þar er reyndar ekki bara horft til árangurs í tölum, heldur einnig þess hvað menn hafa lagt af mörkum með virkri þátttöku í hlauparasamfélaginu, uppbyggjandi skrifum o.s.frv.

Ársreikningur UMSB 2013

Áritunarblað

Ársreikningur